



Snælandsskóli

Skólanámskrá

2015-2019

Efnisyfirlit

Starfsáætlun og skólanámskrá	5
Skólaráð	5
Starfsreglur fyrir skólaráð Snælandsskóla	5
Starfsemi Snælandsskóla frá stofnun	7
Smiðja, sérúrræði/námsver fyrir nemendur á unglingastigi	8
Helstu atriði í þróun skólans frá upphafi	8
Grænfáni – Snælandsskóli –skóli á grænni grein.....	9
Heilsueflandi skóli	10
Stefna skólans.....	13
Uppeldis- og kennslufræðileg stefna	14
Gildi Snælandsskóla	15
Kennsluhættir	15
Grunnþættir menntunar	17
Læsi	17
Sjálfbærni.....	19
Heilbrigði og velferð	20
Lýðræði og mannréttindi	21
Sköpun	22
Jafnrétti.....	23
Áherslupættir grunnskólalaga	25
Markmið náms í ljósi ákvæða aðalnámskrár	30
Nám við hæfi hvers og eins	30
Jöfn tækifæri til náms	31
Nám í skóla án aðgreiningar	31

Nemendur njóti bernsku sinnar.....	32
Hlutverk kennara	32
Skólabragur.....	33
Samstarf heimila og skóla.....	33
Forvarnir	33
Tengsl skóla og nærsamfélags	34
Sérfræðipjónusta í grunnskólum	34
Náms- og starfsráðgjöf	35
Námsmat Snælandsskóla	36
Fjölbreyttar matsaðferðir	36
Vitnisburðarkerfi.....	37
Námsmat 1. bekkur 2014 - 2015.....	37
Námsmat 2. - 10. bekkur 2014-2015	37
Samræmd próf.....	37
Stöðluð skimunarpróf	38
Námsmat 2015 – 2019.....	38
Innra mat á árangri og gæðum.....	38
Áætlanir um umbætur og þróunarstarf	39
Endurmenntunaráætlun Snælandsskóla 2014 - 2015.....	39
Aðaláherslur skólans 2013-2014:	40
Aðrar áherslur skólaárið 2013-2014:.....	44
Aðaláherslur skólans 2014-2015	45
Framkvæmdaáætlun fyrir árið 2014-2015	46
Önnur endurmenntun	48
Áherslur Snælandsskóla 2015 – 2018.....	48

Umbótaáætlun Snælandsskóla 2015 – 2018.....	49
Samstarf heimila og skóla.....	50
Upplýsingamiðlun	51
Samstarf við leik- og framhaldsskóla.....	51
Samstarf við leikskóla	51
Samstarf við framhaldsskóla.....	53
Samstarf við MK.....	53
Móttöku og tilfærsluáætlun	53
Móttaka nýrra nemenda.....	53
Að taka við nemanda á miðjum vetri	53
Móttaka nemenda af erlendum uppruna.....	54
Tengsl skóla við nærsamfélagið	55
Forvarnaráætlun.....	56
Áætlun um fíknivarnir.....	56
Eineltisáætlun	57
Kynbundin og /eða kynferðisleg áreitni og ofbeldi.	59
Öryggisáætlun.....	60
Röskun á skólastarfi vegna óveðurs.....	60
Viðbrögð við jarðskjálfta	62
Vinnuverndarstefna	63
Frímínútnagæsla	64
Ábyrgð á fjármunum - óskilamunir.....	64
Umferðaröryggi	64
Jafnréttisáætlun.....	64
Áfallaáætlun.....	69

Aðgerðarlisti vegna alvarlegs slyss/andláts nemanda, þ.m.t. sjálfsvíg.	69
Aðgerðarlisti vegna alvarlegs slyss eða dauðsfalls foreldra eða annarra náinna ættingja, þ.m.t.sjálfsvíg:	71
Aðgerðarlisti vegna dauðsfalls starfsmanns.	71
Aðgerðarlisti vegna langvarandi veikinda nemenda eða veikinda á heimilum þeirra.....	72
Aðgerðarlisti vegna slysa í vettvangsferðum, sundi o.þ.h.	72
Fangelsun foreldra.	72
Mannshvarf.....	73
Stefna um aga / skólareglur.....	73
Ferli atburða og viðurlög ef út af bregður vegna hegðunar	74
Ferli vegna veikinda og/eða óútskýrðra fjarvista í 1.-7. bekk.....	74
Viðbrögð við fjarvistum eru þau sömu á öllum skólastigum.	74
Mætingarferli og viðurlög – stigkerfi í 8.-10. bekk.....	75

Starfsáætlun og skólanámskrá

Starfsáætlun Snælandsskóla sem samþykkt hefur verið af skólanefnd Kópavogs er birt á heimasíðu Snælandsskóla www.snaelandsskoli.is

Hver skóli skal birta stefnu sína með tvennum hætti. Annars vegar er almenn stefnumörkun birt í skólanámskrá og hins vegar eru upplýsingar, sem eru breytilegar frá ári til árs, birtar í árlegri starfsáætlun.

Sérhver skóli semur skólanámskrá. Í skólanámskrá gerir skóli grein fyrir því hvernig hann nýtir það svigrúm til ákvarðana og athafna sem lög, reglugerðir, aðalnámskrá og skólastefna viðkomandi sveitarfélaga veita.

Skólanámskrá er nánari útfærsla á ákvæðum aðalnámskrár og í henni gefst kostur á að laga opinber fyrirmæli að sérstöðu hvers skóla og staðbundnum aðstæðum og gera grein fyrir hvernig þær aðstæður eru nýttar til að efla nám og kennslu.

Skólaráð

Starfsreglur fyrir skólaráð Snælandsskóla

1. grein: Skólastjórar stýra starfi skólaráðs og bera ábyrgð á stofnun þess. Vinnulag og starfshættir skulu taka mið af stærð skóla og skólagerð. Reglur þessar gilda um starfsemi skólaráðs og samskipti þess við foreldrafélag, skólaskrifstofu, sem og landssamtök foreldra. Þær öðlast gildi við undirskrift fulltrúa í skólaráði.

Skólastjórar sjá um að starfsreglur skólaráðs séu kynntar foreldrum og starfsfólki skólans m.a. með birtingu þeirra í skólanámskrá og á upplýsingavef skólans. Skólaráð skal hafa sérstakt svæði á vefsíðu skólans til að kynna starfsemi sína. Þar kemur fram netfang skólaráðs, nöfn fulltrúa í skólaráði ásamt símanúmerum og netföngum. Skólastjórar bera jafnframt ábyrgð á að skólaskrifstofu sé tilkynnt um nöfn, heimilisföng og netföng fulltrúa í skólaráði strax að lokinni kosningu þeirra. Skólastjórar sjá um að koma þeim upplýsingum til foreldra, menntamálaráðuneytis, Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra og Samkóp.

2. grein: Gerð skal áætlun um fundartíma á skólaárinu en skólaráð fundar a.m.k. fjórum sinnum á skólaárinu í skólanum, á dagvinnutíma. Skólastjórar undirbúa fundi og boða til

þeirra með dagskrá. Skólastjórar boða enn fremur til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári. Skólaráð skal að lágmarki halda einn opinn fund á ári um málefni skólans fyrir aðila skólasamfélagsins.

3. grein: Skólaráð starfar skv. ákvæðum 8. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Skólaráð skal skipað tíu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara, ásamt einum fulltrúa almennra starfsmanna, tveimur fulltrúum nemenda, og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Aðstoðarskólastjóri situr fundi skólaráðs sem fundarritari. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra.

Miðað skal við að skipað sé í ráðið í upphafi skólaárs, fyrir lok septembermánaðar. Foreldrar skulu kosnir á aðalfundi foreldrafélags samkvæmt þeim starfsreglum sem foreldrafélagið setur sér sbr. 9. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Þá skulu kosnir aðalmenn og varamenn. Varamenn skulu skipaðir í skólaráð og geta tekið sæti í skólaráði á einstökum fundum í forföllum aðalmanns. Fulltrúar kennara skulu kosnir á kennarafundi að hausti það ár sem umboð fulltrúa rennur út og fulltrúi starfsmanna á starfsmannafundi að hausti það ár sem umboð fulltrúa rennur út. Fulltrúar nemenda skulu kosnir að hausti samkvæmt starfsreglum nemendafélags, sbr. 10 gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla.

4. grein: Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr. laga nr. 9/2008 um grunnskóla, getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráði ákveðin verkefni þessu til viðbótar. Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

5. grein: Skólaráð starfar í náinni samvinnu við stjórn foreldrafélag skólans og leitast við að tryggja gagnkvæma miðlun upplýsinga. Fundargerðir beggja aðila skulu vera aðgengilegar á vefsíðu skólans.

Uppfært og samþykkt á fundi skólaráðs 26. 9. 2012.

Á fyrsta fundi skólaráðs hvert haust er samþykkt starfsáætlun fyrir einn vetur í senn. Þar eru tilgreindir fundartímar og helstu verkefni.

Skólaráð Snælandsskóla hefur fjallað um skólanámskrá Snælandsskóla á fundi sínum þann 19. mars 2015.

Starfsemi Snælandsskóla frá stofnun

Sælandsskóli er heildstæður grunnskóli fyrir 400 – 500 nemendur. Í skólanum eru nemendur í 1. – 10. bekk og haustið 2014 voru 433 nemendur skráðir í skólann.

Snælandsskóli var stofnaður 1. september 1974. Skólinn var fyrst til húsa í Digranesskóla en 28. október það sama ár fékk skólinn eigið húsnæði sem voru þrjár lausar kennslustofur og kennarastofa. Fyrsta skólaárið voru nemendur 113 talsins á aldrinum 6-8 ára og var skólinn tvísetinn. Skólastjóri var Dónald Jóhannesson. Þegar fjöldi nemenda var hvað mestur voru rúmlega 600 nemendur í skólanum og hann þá þrísetinn. Skólinn var frá upphafi hugsaður sem heildstæður grunnskóli. Vorið 1982 útskrifaðist fyrsti árgangur skólans úr þáverandi 9. bekk. Núverandi skólahúsnæði var byggt í nokkrum áföngum og átti skólinn að heita fullbyggður árið 2003. Við stofnum Snælandsskóla var ákveðið að hann skyldi starfa samkvæmt hugmyndafræði um opinn skóla og voru fyrstu byggingarálmur skólans hannaðar samkvæmt þeirri stefnu og kenningum. Ýmsar ytri aðstæður gerðu það að verkum að skólastarfið þróaðist í aðra átt en stefnt var að í upphafi og má segja að nýrri álmur skólans séu hannaðar þvert á þessa hugmyndafræði.

Á fyrstu starfsárum skólans var skólastarfið skipulagt samkvæmt kenningu um opinn skóla og mikil áhersla lögð á þemaverkefni og opnar vikur. Starfið í skólanum þróaðist smám saman í það sem kallað var meðal starfsfólks „opið, samvirkt og sveigjanlegt“ skólastarf. Í því fólst meðal annars blöndun árganga, fyrst 8 og 9 ára barna, síðan 6, 7 og 8 ára barna og síðar aftur 8 og 9 ára barna. Fyrstu 10-12 árin var mikil áhersla lögð á samvinnu á unglinga- og miðstigi og þá einkum í formi þemaverkefna og opinna vikna. Eftir langa kennaraverkfallið 1984 urðu miklar breytingar á starfsliði skólans. Á sama tíma féll niður styrkur frá Menntamálaráðuneytinu til þróunarstarfsins sem gerði það að verkum að tilraunastarf með blöndun árganga lagðist af og þemaverkefnum og opnum vikum fækkaði.

Þó svo að skólastarfið þróaðist í aðra átt en stefnt var að í upphafi hefur tekist að halda í margt sem einkenndi skólann á fyrstu starfsárum hans og hefur skólastarfið ætíð verið þróttmikið og metnaðarfullt. Mikil áhersla hefur verið lögð á góða sérkennslu og má segja að þar sé stöðugt þróunarstarf í gangi.

Foreldrafélag var stofnað við skólann 1977 og hefur það ætíð verið öllu skólastarfinu til styrktar.

Smiðja, sérúrræði/námsver fyrir nemendur á unglingastigi

Frá árinu 2002 hefur verið starfrækt sérdeild sem starfar undir nafninu Smiðja fyrir nemendur í 8. til 10. bekk sem glíma við þroskaskerðingar eða annan fjölþættan vanda. Deildin starfar með hliðsjón af lögum um grunnskóla og reglugerð um nemendur með sérþarfir. Deildin er opin fyrir nemendur í öllum grunnskólum Kópavogs.

Í deildinni er nemendum kennt samkvæmt einstaklingsnámskrá sem byggð er á kennslufræðilegri greiningu á náms- og þroskastöðu nemandans ásamt rökstuddu mati á vali forgangsverkefna á hverjum tíma. Eftir því sem unnt reynist er lögð áhersla á félagslega blöndun nemenda í almenna bekki í tilteknum kennslustundum og/eða námsgreinum eftir samkomulagi við bekkjar- og sérgreinakennara.

Í Smiðju Snælandsskóla er lögð sérstök áhersla og list- og verkgreinar og eru kennslustundir í þeim námsgreinum fleiri en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir. Foreldrar/forráðamenn nemenda sækja um í Smiðju fyrir hönd barna sinna að lokinni heildstæðri greiningu á þörfum þeirra. Sérstakt inntökuteymi fjallar um umsóknir í Smiðju en í því sitja sérkennslufulltrúi Kópavogsbæjar ásamt skólastjóra og forstöðumanni Smiðjunnar.

Helstu atriði í þróun skólans frá upphafi

Í Snælandsskóla er áhersla lögð á þróunar- og nýbreytnistörf á ýmsum sviðum. Ætíð hafa verið í gangi nokkur verkefni. Eftirfarandi verkefni eru dæmi um verkefni sem styrkt hafa verið af opinberum sjóðum:

- Reading recovery
- Heilsuefling
- Tónlist/Lífsleikni Path's

- Ferilskrá - Líðan í skóla
- Umhverfisáætlun
- Upplýsingalæsi á unglingastigi
- Sveigjanleiki og samkenntsla á yngsta stigi
- Davis- námstækni
- Námsstíll - Þróunarverkefni 2008-2009
- Hollusta og hreyfing - þróunarverkefni 2006-2009
- Þá hefur verið unnið að fleiri verkefnum svo sem „Sveigjanleiki á unglingastigi“, „Lesum saman korter á dag“, lestrarbingó og segja má að stofnun sérdeildar og vinna við hana þar til hún formlega var opnuð haustið 2002 hafi verið þróunarverkefni til margra ára.
- Lesskilningsaðferðir og tengsl þeirra við námstílskenningar Dunn og Dunn 2012.
- Það þarf þorp til að ala upp barn 2013 - 2015.
- Námsmat sem kennsluáðferð – Sýnileg námsmarkmið 2013 – 2015.
- Vinaliðar

Sérstök áhersla hefur verið lögð á að:

- vinna eftir gildum skólans víska, virðing, víðsýni og vinsemd
- þróa kennsluáðferðir og námstækni sem gagnast nemendum til að ná árangri í námi
- vinna með verkefni sem stuðla að góðum skólabrag og þroska í samskiptum
- sátt við náttúru og umhverfi

Grænfáni – Snælandsskóli –skóli á grænni grein

Snælandsskóli er í hópi þeirra skóla sem flagga Grænfánanum og er þar með skóli á grænni grein. Fulltrúar frá stýrihóp Grænfánans og Landverndar komu og veittu skólanum fánann í maí 2004. Fáninn er veittur til tveggja ára í senn. Mikil hátíð var í skólanum af þessu tilefni. Sýning var á þeim verkum nemenda sem tengjast Grænfánanum og verkstæðisvinna var í gangi. Þar fengu nemendur og gestir að vinna að hinum ýmsu verkefnum.

Grænfáninn er viðurkenning fyrir vinnu skólans að umhverfismálum. Skólar á grænni grein er alþjóðlegt verkefni til að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu í skólum, eins og segir á heimasíðu Landverndar: www.landvernd.is. Þar er hægt að lesa nánar um

Grænfánann, m.a. um skrefin 7, sem skólar þurfa að stíga til þess að fá fánann. Snælandsskóli hefur nú fengið Grænfánann sex sinnum, síðast vorið 2014.

Heilsueflandi skóli

Snælandsskóli er þátttakandi í verkefni sem ber heitið **Heilsueflandi grunnskóli** á vegum Lýðheilsustöðvar. Eitt helsta markmið heilsueflandi grunnskóla er að vinna markvisst að því að efla og stuðla að velferð og góðri heilsu nemenda, starfsfólks og samfélagsins. Í heilsueflandi grunnskóla er sérstök áhersla lögð á eftirfarandi átta þætti skólastarfsins: **Nemendur, mataræði/tannheilsa, heimili, geðrækt, nærsamfélag, hreyfing/öryggi, lífsstíll og starfsfólk.**



Snælandsskóli hefur sett sér heilsustefnu sem ber yfirskriftina: „**Góð heilsa er gulli betri**“. Hún felur í sér að nemendum og starfsfólki líði vel í skólanum. Stuðlað er að jákvæðu andrúmslofti sem byggir á góðum samskiptum og góðum skólabrag. Lögð er rík áhersla á að styrkja tilfinninga- og félagsfærni, bjóða upp á næringaríka fæðu og stuðla að aukinni hreyfingu.

Við viljum fræða nemendur um vinnuvernd og vinnuvistfræði og efla forvarnir og heilsueflingu í víðum skilningi. Þar með talið, að efla fræðslu um geðheilbrigði og geðrækt.

Lögð er áhersla á gæði í samskiptum sem mikilvægan hátt í almennri vellíðan barna og fullorðinna. Þar er m.a. átt við gildi einkunnarorða skólans: **Viska, virðing, víðsýni og vinsemd.**

Með heilsustefnu er stuðlað að því, að nemendur og starfsfólk temji sér heilbrigða lífshætti með það í huga að þeir verði hluti af lífstíl þeirra til framtíðar. Þessa stefnu á að framkvæma í samstarfi við nemendur, starfsmenn, foreldra/forráðamenn, nærsamfélagið og skólaráð.

Frá hausti 2009 hefur verið starfandi heilsuhópur sem hefur það hlutverk að sjá um heilsustefnu Snælandsskóla. Í heilsuhópi eiga sæti 3-5 starfsmenn. Hópurinn fundar reglulega og leggur fram verkáætlun fyrir hverja önn.

Það er mikilvægt við framkvæmd og alla vinnu við heilsustefnuna að markmiðin séu raunhæf og innan þeirra marka sem skólinn ræður við. Við höfum því sett okkur þá vinnureglu og höfum að leiðarljósi að gera starfið; **auðvelt, skemmtilegt og vinsælt.**

Nemendur: Markmið

- Að efla sjálfsmynd, sjálfsvitund og virðingu með fræðslu og þemaverkefnum
- Að efla andlega líðan nemenda með því að bjóða upp á fræðslu þar að lútandi
- Að hvetja nemendur til íþróttaiðkunar og annararrar hreyfingar, innan skóla sem utan.
- Að vinna að því að tómstundum barna verði lokið á virkum dögum til að auka vægi tíma með fjölskyldunni.
- Að taka þátt í verkefnum og átaki svo sem Göngum í skólann og Norræna skólahlaupið til þess að auka hreyfingu.
- Að hjúkrunarfræðingur og læknir fylgist með líkamlegri líðan með árlegum mælingum
- Að íþróttakennarar kanni reglulega þol og styrk nemenda.
- Að gera umhverfi skólans sem best fallið til heilbrigðra leikja og útivistar.

Ávinningur heilsustefnu:

- Betri líðan allra nemenda, bæði andleg og líkamleg.
- Að nemendur hafi trausta sjálfsmynd og sjálfsvitund.
- Minni líkur á frávíkshæðun nemenda.
- Minni líkur á fjarvistum um skóla.
- Að nemendur hafi tamið sér heilbrigða lífshætti í skólanum sem verður þeim lífsstíll til framtíðar.

Starfsmenn:

Í Snælandsskóla er hugað að heilsu starfsmanna. Mikilvægt er að öllum líði vel á vinnustaðnum. Við viljum þannig bæta aðstöðu starfsmanna, lágmarka streitu og stuðla að betri líðan. Við viljum leggja áherslu á góðan og hollan mat, styðja og hvetja starfsmenn til að huga vel að andlegri og líkamlegri velferð sinni. Stefna okkar er að hvetja og styðja starfsmenn til að stunda heilsusamlegt lífni og auka samkennd þeirra á meðal. Einnig að nýta sér þá möguleika sem vinnustaðurinn og stéttarfélögin hafa upp á að bjóða.

Vinnustaðurinn er reyklus og við styðjum starfsmenn okkar í að hætta tóbaksnotkun.

Markmið:

- Að framkvæma árlega könnun hjá starfsmönnum þannig að hægt sé að leggja mat á almenna líðan þeirra.
- Að bjóða upp á heilsufarsskoðanir.
- Að efla andlega líðan starfsmann með því að bjóða upp á fræðslu þar að lútandi.
- Að hvetja starfsmenn til íþróttaiðkunar.
- Að koma á fót æfingahópum og taka þátt í hinum ýmsu heilsuátökum, t.d. hjólaátak, hlaup o.s.frv.
- Að bjóða reglulega upp á ávexti á vinnustaðnum.
- Leggja áherslu á ábyrgð fólks á eigin heilsu.
- Benda á leiðir til heilsueflingar.
- Auka samkennd og byggja jákvæð tengsl.
- Að efla þekkingu starfsmanna á leiðum til að viðhalda góðri heilsu og til heilsubótar.

Ávinningur heilsustefnu.

- Aukin starfsánægja
- Bætt líkamleg og andleg líðan starfsmanna.
- Að Snælandsskóli verði eftirsóttu vinnustaður og hafi jákvæða ímynd
- Lækkun tíðni atvinnutengdra sjúkdóma.
- Að fjarvistum fækki.

Snælandsskóli er Grænfánaskóli síðan 2002 með áherslu á útikennslu og höfum við unnið mjög öflugt starf á þeim vettvangi. Allt hangir þetta saman sem ein heild og gerir gott skólastarf betra. Áhersla verður þá lögð á geðrækt, nemendur og starfsfólk til að efla jákvæðan skólabrag.

Fastir liðir og atburðir sem tengjast heilsueflingu í Snælandsskóla

Snælandsskóli hefur valið að taka fyrir 1 – 2 atriði á hverju starfsári. Starfshópurinn skipuleggur á hverju ári viðburði bæði fyrir nemendur og starfsfólk út frá viðfangsefnum vetrarins.. Einnig hafa margir viðburðir áunnið sér fastan sess í skólastarfinu. Þar má nefna:

- Útiveru og íþróttaval í 8.-10. bekk
- Afreksskóli knattspyrnudeildar HK
- Danskennsla 1.-4. bekk
- Göngum í skólann
- Lífshlaupið
- Hjólað í vinnuna
- Gönguklúbbur starfsfólks
- Fótboldamót elstastig og miðstig
- Fótboldamót á milli 7. bekinga í Kópavogi
- Handboldamót elstastig og miðstig
- Skák
- Norræna hlaupið
- Skólahreysti
- Haustdagar –útivera - fjallganga og fl.
- Vordagar útivera – ratleikir og fl.
- Heilsudagur
- Umhverfisdagur, ratleikur
- Leikfimi foreldrafélagsins 3x í viku
- HH fundir hreyfing og geðrækt fyrir starfsfólk 1x í mánuði
- Gróðursetningaferð
- Flúor er afhent foreldrum í skólanum
- Samstarf við Barnaheill um tannvernd
- Gengið gegn einelti með leikskólum hverfisins

Stefna skólans

Stefna Snælandsskóla er unnin í sameiningu af þeim sem standa að skólanum, það er starfsfólki, nemendum, foreldrum og fræðslufyrirvöldum. Þar er sérstök áhersla lögð á:

- Skólastarf í Snælandsskóla einkennist af góðum skólabrag sem grundvallast á gagnkvæmu trausti og virðingu í öllum samskiptum.
- Áhersla er lögð á að hver og einn þroski hæfileika sína á eigin forsendum.

- Í Snælandsskóla er unnið að heilbrigðum lífsháttum í sátt við náttúru og umhverfi.

Í Snælandsskóla viljum við jafnframt:

- vera opin fyrir nýjungum og breytingum til að bæta skólastarfið
- eiga gott samstarf við heimili og alla þá sem koma að fræðslu- og uppeldismálum
- efla samstarf milli skólastiga þ.e. frá leikskóla upp í framhaldsskóla.
- samstarf, samábyrgð og jákvæðan aga í skólanum. Þannig bera allir ábyrgð á líðan, hegðun og samskiptum innan hópsins.
- bjóða starfsfólki upp á endurmenntun og tækifæri til að þróast í starfi

Uppeldis- og kennslufræðileg stefna

Starf í Snælandsskóla grundvallast á því lífsviðhorfi að hverjum einstaklingi skuli búin námsskilyrði svo hann megi, á eigin forsendum, þroskast og dafna. Lögð er áhersla á að nemendur útskrifist sem sjálfstæðir, sterkir og ekki síst lífsglaðir einstaklingar. Hugað er að því að nemendum líði vel og að nám og starf sérhvers þeirra miðist við þarfir hans og getu sem og sterkar hliðar. Í Snælandsskóla er lögð rík áhersla á árangursríkt skólahald þar sem hæfileikar nemenda fá sín notið. Að bæði nám og kennsla séu nemendum til heilla. Byggt er á einstaklingsmiðuðum starfsháttum og samvinnu hvers konar.

Í Snælandsskóla er lögð áhersla á að:

- þróa áfram þau verkefni sem eru í vinnslu í skólanum og bæta við nýjum
- bjóða upp á fjölbreytta kennsluhætti og gæðakennslu
- skapa umhverfi og aðstöðu til uppeldis og þroska þar sem styrkleikar einstaklinganna fái að njóta sín
- nemendur rækti með sér ábyrgðartilfinningu, virðingu og tillitssemi gagnvart sjálfum sér og öðrum
- hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast
- mennta og skipuleggja nám í samræmi við þarfir nemenda til þess að hver nemandi nái hámarksárangri
- nemendum líði vel og að nám og starf sérhvers þeirra miðist við þarfir hans og getu sem og sterkar hliðar. Byggt verður á einstaklingsmiðuðum starfsháttum og samvinnu hvers konar

- hver einstaklingur þjálfí færni sína náms-, félags- og tilfinningarlega.

Gildi Snælandsskóla

Gildi skólans eru eftirfarandi:

Viska: Með námi sínu öðlast nemendur visku sem nýtist þeim til framtíðar. Í orðinu felst; vitsmunir, þekking, vísdómur og speki

Virðing: Virðing er lykillinn í öllum samskiptum. Mikilvægt er að allir þroski með sér virðingu fyrir sjálfum sér, öllu öðru fólki, öllu lífi og umhverfi.

Víðsýni: Allt nám eykur víðsýni. Víðsýni þroskar gagnrýna hugsun og með víðsýni ætti fólk að leitast við að sjá mismunandi sjónarmið og leita lausna. Víðsýnn skóli metur námsgreinar jafnt, telur „allar greindirnar“ jafn mikilvægar og leggur áherslu á fjölbreytt vinnubrögð.

Vinsemd: „Elskaðu nánungann eins og sjálfan þig“ er ætíð í fullu gildi og jákvæðni og vinátta er grundvöllur fyrir góðri líðan.

Kennsluhættir

Námsframboð Snælandsskóla kallar á fjölbreytta kennsluhætti sem markast af stefnu og markmiðum skólans. Sérstök áhersla er á að nemendum líði vel í námi og starf sérhvers nemenda miðist við þarfir hans og getu. Þannig stuðlar Snælandsskóli að því að hver nemandi nái sem bestum árangri miðað við eigin forsendur. Kennsla er skipulögð þannig að hún beinist að því að hjálpa nemendum að tileinka sér þekkingu, leikni og jákvætt viðhorf með skapandi viðfangsefnum.

Í Snælandsskóla ríkir fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum sem eiga að þjóna þeim hæfniviðmiðum sem stefnt er að. Val á kennsluaðferðum miðast við það að sjá hverjum nemenda fyrir bestu tækifærum til náms og þroska. Þá taka kennsluhættir Snælandsskóla mið af jafnrétti og jafnræði og lögð er áhersla á að nemendum sé ekki mismunað. Þá er lögð mikil áhersla á umhverfi og sköpun með áherslu á umhverfismennt og vinnu í smiðjum, það er list- og verkgreinar.

Í Snælandsskóla er gert ráð fyrir því að stuðningskennsla fari fram í námsaðstæðum nemenda á almennum kennslusvæðum eins og framarlega er kostur. Lögð er áhersla á

samvinnu kennara og teymisvinnu. Kennarar, skólastjórnendur, iðjubjálfi og þroskaþjálfi vinna saman að því að skipuleggja hvetjandi námsumhverfi og námsaðstæður.

Nemendur sem eiga í erfiðleikum í námi eða á öðrum sviðum fá athugun hjá sálfræðingi og/eða sérkennara að beiðni umsjónarkennara eða foreldra. Að þeim athugunum loknum er tekin ákvörðun um þá námsaðstoð sem talin er henta best.

Aðstoðin sem veitt er fer eftir aðstæðum hvers nemanda, en sérkennsla felur í sér breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluaðferðum miðað við jafnaldra. Aðstoð við sérkennslunemendur fer ýmist fram inni í bekk viðkomandi, einstaklingslega eða í smærri hópum eftir því sem best þykir hverju sinni.

Sérkennarar og umsjónarkennarar vinna náið saman varðandi úrbætur fyrir nemendur sem njóta sérkennslu. Ávallt er haft samráð við foreldra um sérkennslu.

Í Snælandsskóla eru meðal annars eftirfarandi kennsluhættir hafði í huga:

- Bein kennsla
- Einstaklingsmiðað nám
- Einstaklingsvinna
- Heimildavinna
- Söguaðferðin
- Umræðu- og spurnaraðferðin
- Samvinnunám
- Landnámsaðferðin
- Vettvangsferðir
- Skapandi tjáning
- Skapandi vinna
- Munnleg tjáning og upplestur
- Ritgerðarsmíð
- Flip kennsla
- Sýnileg markmið og leiðsagnarmat

Grunnpættir menntunar

Sex þættir eru skilgreindir sem grunnþættir í íslenskri menntun. Þessir grunnþættir í menntun ásamt áherslupáttum grunnskólalaga skulu vera leiðarljós í almennri menntun og starfsháttum í grunnskóla og þeir eiga að birtast í inntaki námsgreina og námssviða aðalnámskrár, í hæfni nemenda, námsmati, skólanámskrá og innra mati skólans.

Grunnþættirnir byggjast á því viðhorfi sem kemur fram í löggjöf um skóla, að unnið sé bæði að samfélagslegum markmiðum og markmiðum er varða menntun sérhvers einstaklings. Þeir eru samfélagsmiðaðir þar sem þeim er ætlað að stuðla að auknu jafnrétti og lýðræði og að vinna að því að samfélagið fái vel menntað og heilbriggt fólk, bæði til þátttöku í að breyta samfélaginu til betri vegar og til þeirra starfa sem unnin eru í samtímanum. Grunnþáttunum er ætlað að undirstrika meginatriði í almennri menntun og stuðla að meiri samfellu í öllu skólastarfi. Þegar skólastarf er metið þarf að skoða hvernig grunnþættirnir setja mark sitt á kennslu, leik og nám.

Grunnþættirnir fléttast inn í aðalnámskrár á öllum skólastigum og fyrirhætti hennar um allt skólastarfið:

- Efnisval og inntak náms, kennslu og leiks skal mótast af grunnþáttunum.
- Starfshættir og aðferðir, sem börn og ungmennti læra, eru undir áhrifum hugmynda sem fram koma í umfjöllun um grunnþættina.
- Vinnubrögð kennara og annarra, sem starfa í skólum, eiga að mótast af grunnþáttunum þannig að stuðlað sé að sjálfstæði, frumkvæði og þróun í skólastarfi.
- Þegar skólastarf er metið þarf að skoða hvort og hvernig grunnþættirnir hafi sett mark sitt á nám, kennslu og leik og skólastarfið í heild.

Hér að neðan er að finna stuttar skilgreiningar á þessum sex grunnþáttum ásamt kafla um það hvernig Snælandsskóli vinnur með eftirfarandi þætti.

Læsi

Læsi hefur löngum verið tengt við þá kunnáttu og færni sem fólk þarfnast til þess að geta fært hugsun sína í letur (ritað) og skilið prentaðan texta (lesið). Það hefur snúist um eitt kerfi tákna, prentmálið, og þá menningu og þau tjáningarform sem tengdust því. Læsi snýst um

samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og er því félagslegt í eðli sínu. Læsi krefst skriffæra, efnis til að skrifa á og miðils, t.d. bókar, til að koma ritsmíðinni á framfæri og snýst því að hluta til um tæknimiðla og verkkunnáttu. Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.

Læsi byggir í meginatriðum á eftirfarandi þáttum: (tekið af <http://lesvefurinn.hi.is/lestur>)

Lestækni er færni sem hver einstaklingur þarf að læra og þjálf og byggir á því að þekkja bókstafina og hljóð þeirra af öryggi til að vera fær um að lesa hratt og fyrirhafnarlaust úr bókstafstáknum ritmálsins.

Lesskilningur er færni sem byggir á orðaforða og málskilningi einstaklingsins. Um er að ræða hæfni til að skilja ólíka texta í mismunandi samhengi, frá mismunandi sjónarhornum, tilgangi og markmiði.

Ritun og stafsetning er færni sem byggir á öllum þáttum tungumálsins. Að grunni til reynir stafsetning mjög á hljóðkerfisþáttinn, einkum færni við að sundurgreina hljóð orðanna til að vera fær um að kortleggja þau með réttum bókstöfum.

Í **Snælandsskóla** erum við sammála um að lestur snúist í senn um lestrartækni og skilning. Áhersla er á að lestrarkennsla fari fram í öllum bekkjum grunnskólans og að hún sé tengd við sem flestar námsgreinar. Í Snælandsskóla eru eftirfarandi þættir hafðir í huga við kennslu læsis:

- námið grundvallist á samskiptum
- kennsla læsis sé markviss
- tíma sé varið í þágu læsis
- aðstoð sé einstaklingsbundin. Nemendur fái aðstoð við að lesa, greina og skilja texta
- umhverfi sé hvetjandi og auki áhuga og sjálfstæði í námi
- lesefni sé fjölpætt
- fræðslu um uppbyggingu texta
- ritþjálfun sé markviss

- samvinnu og hópvinnu um textavinnu
- leiðsagnarmat
- útinám. Nemendur verði læsir á umhverfi sitt
- teymisvinnu kennara
- þróunarstarf og endurmenntun kennara

Sjálfbærni

Hugtakið sjálfbær þróun er skilgreint sem: „Mannleg starfsemi sem fullnægir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum framtíðarkynslóða til að fullnægja sínum þörfum.“

Sjálfbærni snýst um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Sjálfbærni felur í sér virðingu fyrir umhverfinu, ábyrgð, heilbrigði, lýðræðisleg vinnubrögð og réttlæti, ekki bara í nútíma heldur og gagnvart komandi kynslóðum. Kennsla og starfshættir innan skólans skulu fléttast saman við það viðhorf að markmið menntunar sé geta til aðgerða. Í því felst þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og því að stuðlað sé að áhuga og vilja til þess að börnin og ungmennin taki þátt í samfélaginu. Gera þarf ráð fyrir virku samstarfi við grenndarsamfélag innan sveitarfélags eða hverfis en slíkt samstarf er einnig einn af lykilþáttum sjálfbærni. Áhersla er lögð á að Snælandsskóli geti þannig tekið þátt í að skapa samábyrgt og sjálfbært samfélag.

Í **Snælandsskóla** er lögð alúð og metnaður við menntun til sjálfbærni. Fyrst og fremst er hugað að því að vinnubrögð innan skólans séu í samræmi við mikilvæga þætti sjálfbærni, þar ríki lýðræði, gagnrýnin hugsun, umræður og þátttaka allra og allt starfsfólk skólans þarf að byggja upp þekkingu og skilning sem nýtist því í starfi. Í Snælandsskóla eru eftirfarandi þættir hafði í huga við kennslu sjálfbærnis:

- hver námsgrein nálgist sjálfbærni á sinn hátt
- nemendur nái tökum á undirþáttunum; efnahagur, samfélag og umhverfi
- nemendur takist á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags
- umhverfisvitund eflist
- nemendur verði þátttakendur í að skapa samábyrgt samfélag

- nemendur takist á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni
- nemendur þjálfist í lýðræðislegum vinnubrögðum
- nemendur læri að þekkja, skilja og virða náttúruna
- nemendur skilji að vellíðan manna og lífsgæði eru samtvinnuð sjálfbærri nýtingu umhverfis
- nemendur þjálfist hæfni til lýðræðis; samlíðan með fólki, gagnrýna hugsun og samskipti.

Heilbrigði og velferð

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Það ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Allt skólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan enda verja börn og ungmenni stórum hluta dagsins í skóla.

Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.

Í skólum þarf að skapa börnum og ungmennum aðstæður til heilbrigðra lífshátta. Til að mæta áherslum um heilbrigði mun **Snælandsskóli** vinna að skýrum markmiðum sem styðja jákvæðan skólabrag, bættan námsárangur og vellíðan. Þar gegnir starfsfólk skólans miklu hlutverki sem fyrirmyndir. Einnig þarf að vinna náið með foreldrum, heilsugæslu og aðilum úr nærumhverfinu því að slík samvinna er forsenda þess að góður árangur náist. Í Snælandsskóla er eftirfarandi þættir hafði í huga við kennslu heilbrigðis og velferðar:

- stuðlað sé að góðri heilsu og líðan nemenda og starfsfólks
- skólaumhverfið sé öruggt og hlúi að nemendum
- færni nemenda eflist í samskiptum, uppbyggingu sjálfsmyndar, ákvarðanatöku, markmiðasetningu og streitustjórnun
- nemendur öðlist skilning á þeim áhrifum sem menning, fjölmiðlar og tækni geta haft á heilsu og líðan
- nemendur geti tekið upplýstar og ábyrgar ákvarðanir í tengslum við eigið heilbrigði

- nemendur búi við heilsusamlegt umhverfi, hvort sem horft er til líkamlegra, andlegra eða félagslegra þátta
- lagður sé grunnur að líkamlegri, andlegri og félagslegri velferð til lífstíðar
- stuðlað sé að heilsusamlegu fæðuvali með fræðslu og góðu framboði á fjölbreyttum mat
- unnið sé með foreldrum og nærsamfélaginu
- tryggður sé jafn aðgangur að fjölbreyttu námi
- jarðvegur sé fyrir virkni, samvinnu og þróun
- tryggt sé að skólanámskráin taki mið af þörfum nemenda

Lýðræði og mannréttindi

Í lýðræði taka einstaklingar afstöðu til siðferðilegra álitamála og virkan þátt í mótun samfélagsins. Í lýðræðisríki þurfa borgararnir að búa við mannréttindi og ráða öllum meiriháttar málum sínum sameiginlega. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Viðhorf, gildismat og siðferði eru ríkir þættir í lýðræðismenntun jafnframt því sem þau atriði fléttast saman við aðra grunnþætti menntunar. Skólum ber að rækta það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingarnir gagnrýnir og með framtíðarsýn.

Lýðræði er mikilvægt á vettvangi skólans. Í fyrsta lagi þurfa skólar að taka mið af því að barna og ungmenna bíður að taka þátt í lýðræðissamfélagi og því er mikilvægt að börn læri um þess háttar samfélög. Í öðru lagi þurfa skólar að taka mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins. Gert er ráð fyrir því að börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði.

Mikilvægt er að í öllu námi, viðfangsefnum skólastarfsins og aðferðum sé tekið tillit til áhuga nemenda og ábyrgðar þeirra á eigin námi. Lýðræðis- og mannréttindamenntun byggist á gagnrýnni hugsun og ígrundun um grunngildi samfélagsins. Slíkt nám gerir ráð fyrir samstarfi út fyrir veggi skóla engu síður en samstarfi í skólanum.

Snælandsskóli leggur áherslu á að nemendur taki þátt í að skapa samábyrgt og sjálfbært samfélag. Skólum ber að rækta það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og

einstaklingarnir gagnrýnir og með framtíðarsýn. Lýðræði er mikilvægt á vettvangi Snælandsskóla. Áhersla skólans er að taka mið af því að barna og ungmenna bíður að taka þátt í lýðræðissamfélagi og því er mikilvægt að börn læri um þess háttar samfélög. Þá tekur Snælandsskóli mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins. Í Snælandsskóla eru eftirfarandi þættir hafði í huga við kennslu heilbrigðis og velferðar:

- nemendur læri að taka afstöðu til siðferðilegra álitamála og taka virkan þátt í mótun samfélagsins
- nemendur tileinki sér það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingarnir gagnrýnir og með framtíðarsýn
- þekkingu nemenda á grundvallarréttindum barna og fullorðinna eflist
- nemendur skilji tilgang þess að sýna umhyggju fyrir fólki, dýrum og umhverfi
- nám nemenda byggist á gagnrýnni hugsun og ígrundun um grunnildi samfélagsins
- samstarf við heimili barna og ungmenna sé virkt sem og við æskulýðs- og íþróttastarf

Sköpun

Nám á sér stað þegar einstaklingur vinnur með áreiti, tengir það fyrri þekkingu og skapar nýja. Þannig er menntun í rauninni sjálfssköpun, leið upplýsts einstaklings til að verða „meira í dag en í gær“. Sköpunarþrá á sér rætur í meðfæddri forvitni, athafnaþrá og stuðlar að frumkvæði einstaklingsins. Sköpunargleði leiðir til námsáhuga þegar börn og ungmennt skynja merkingu viðfangsefnanna og gildi þeirra.

Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Sköpun er að sjá fyrir það óorðna og framkvæma það. Sköpun byggist á forvitni, áskorun, spennu og leit. Glíman við viðfangsefnið og það að finna lausn getur verið umbun sköpunarinnar í sjálfu sér. Sköpun brýtur hefðbundin mynstur, reglur og kerfi og veitir nýja sýn á fyrirbæri og viðteknar hugmyndir.

Sköpun byggist á gagnrýnni hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika og því skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins. Að skapa er að fara út fyrir mengi hins þekkta og þar með auka þekkingu sína og leikni. Þótt sköpun í almennum skilningi sé vissulega nátengd listum og listnámi er sköpun sem grunnþáttur ekki bundin við listgreinar

fremur en aðrar námsgreinar og námssvið. Sköpun sem grunnþáttur skal stuðla að ígrundun, persónulegu námi og frumkvæði í skólastarfi.

Í **Snælandsskóla** snýst sköpun um að búa eitthvað til sem er frumlegt; athafnir sem byggjast jöfnum höndum á hugarflugi eða ígrundun og því sem við gerum í verki. Í Snælandsskóla er eftirfarandi þættir hafði í huga við kennslu í sköpun:

- nemendur læri að gefa huganum lausan tauminn
- nemendur öðlist skilning á hugtakinu frumleiki og nýsköpun
- sköpunargleði nemenda sé virkjuð og nemendur fái tækifæri til að tjá sig á fjölbreyttan hátt með margvíslegum miðlum
- nemendur séu tilbúnir til að þróa sig áfram og bæta verkefni sín
- nemendur læri að taka skref til baka og skoða verk sín í margs konar samhengi og beita gagnrýninni hugsun
- nemendur læri í gegnum samræðu og athuganir að mynda sér gagnrýnar og sjálfstæðar skoðanir á sínum eigin verkum, verkum samnemenda sinna og síðast en ekki síst samfélagi sínu
- nemendur þjálfist í að skoða, hlusta, muna og skilja umhverfið og að leyfa því að gerjast innra með sér
- kennarar hafi tækifæri til að efna til umræðu um bækur, uppfinningar, matargerðarlist, leikverk, kvikmyndir og tölvuleiki svo að eitthvað sé nefnt en líka myndlist, tónlist, dans, byggingar, ýmiss konar handverk og margt fleira
- í skólastarfinu sé leitast við að vinna með áhuga, ástríðu og flæði sem og tilfinningar, innsæi og tjáningu

Jafnrétti

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og

ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra.

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla eru skýr ákvæði um að á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. sé lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Áherslu ber að leggja á að drengir og stúlkur eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika. Hvergi í skólastarfinu, í inntaki né starfsháttum, ættu að vera hindranir í vegi hvors kynsins. Mikilvægt er að í öllu skólastarfi, jafnt í kennslustundum sem í öllum samskiptum, séu þessi ákvæði jafnréttislaga höfð að leiðarljósi. Jafnframt er mikilvægt að draga fram að ýmsir búa við margþætta mismunun þegar fleiri slíkir þættir tvinnast saman, til dæmis kyn og fötlun, kynhneigð og þjóðerni, aldur og búseta. Í þessu skyni er eðlilegt að nýta sér í skólastarfinu þekkingu sem nýjar fræðigreinar, svo sem kynjafræði, hinseginfræði, fjölmeningarfræði og fötlunarfræði, hafa vakið athygli á.

Undir jafnréttismenntun fellur m.a. nám um kyn og kynhneigð. Með grunnþættinum jafnrétti er einnig lögð áhersla á að fram fari nám um menningu, þjóðerni, tungumál, trúarbrögð og lífsskoðanir.

Í **Snælandsskóla** skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis og jafnrétti er skoðað í sinni víðustu mynd. Það sé byggt á hugsjón um rétt barna og unglinga til velferðar og vellíðunar í skólum þar sem sanngirni og réttlæti öllum til handa eru í hávegum höfð. Þar sé unnið eftir hugmyndafræði sem lýsi því hvernig mismunandi hugmyndir um hvað sé gott, rétt og æskilegt takast á í samfélaginu. Í Snælandsskóla eru eftirfarandi þættir hafði í huga við kennslu jafnréttis:

- allir hafi hlutverki að gegna í skólastarfi, allir taki þátt í að byggja þar lýðræðissamfélag þar sem jafnréttis, sanngirni og réttlæti er gætt í hvívetna og að öllum líði vel í skólanum
- jafnréttismenntun sé samofin öllu skólastarfinu, bæði því formlega og óformlega
- stöðugt sé verið fylgst með því hvernig jafnréttismálum er háttað innan skólans
- nemendum sé kennt að greina aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra

- nemendur fái tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína, lifa ábyrgu og skapandi lífi í frjálsu og víðsýnu samfélagi í anda skilnings, umburðarlyndis og jafnræðis
- virðing einkenni allt skólastarfið jafnt hjá nemendum og starfsfólki
- vera skóli án aðgreiningar þar sem nemendur hafi jafnan aðgang að menntun og að skólastarf mismuni ekki nemendum á grundvelli uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti
- jafnréttishópur starfi með það að markmiði að fylgja eftir jafnréttisáætlun skólans.

Áherslupættir grunnskólalaga

Í námi og kennslu ber samkvæmt ákvæði í 24. gr. laga um grunnskóla að leggja áherslu á ýmsa þætti. Þessir áherslupættir eru nánari útfærsla á markmiðsákvæði laganna og grunnþáttum í íslenskri menntun. Þeir eiga það flestir einnig sammerkt að vera ekki bundnir við einstakar námsgreinar eða afmarkaða þætti skólastarfs heldur þurfa þeir að vera almennt leiðarljós í allri menntun í grunnskóla, bæði formlegri og óformlegri og í starfsháttum skóla.

Snælandsskóli leggur áherslu á eftirfarandi þætti í námi og kennslu og leggur metnað í að útfæra markmiðsákvæði laganna og grunnþætti menntunar í öllu sínu skólastarfi.

Samkvæmt aðalnámskrá er lögð áhersla á eftirfarandi þætti:

- **Sjálfsvitund;** að nemendur öðlist raunsæja og heilbrigða sjálfsmynd. Það felur í sér að nemendur þekki eigin tilfinningar, þekki sínar sterku og veiku hliðar og hafi trú á eigin getu og hæfni til að takast á við fjölbreytileg viðfangsefni daglegs lífs. Að þessu er unnið m.a. í eftirtöldum námsgreinum og viðfangsefnum.
 - *Samfélagsgreinum*
 - *Bekkjarfundum*
 - *Skólaíþróttum*
 - *List- og verkgreinum*
 - *Söngleikjum og annarri tjáningu*
- **Siðgæðisvitund eða siðvit;** felur í sér að nemendur efli siðferðisþroska sinn og geti sett sig í spor annarra. Tilfinningar og reynsla nemenda gegna lykilhlutverki í þróun siðferðiskenndar þeirra sem felst í því að þeir tileinki sér hvað telst rétt og rangt, gott

og slæmt í breytni fólks. Að þessu er unnið m.a. í eftirtöldum námsgreinum og viðfangsefnum.

- *Samfélagsgreinum*
- *Umræðum og öllum samskiptum*
- *Bekkjarfundum*
- *Fyrirlestrum og heimsóknum*
- *Ýmiss konarþemavinnu og viðburðum*
- **Félagsvitund, borgaravitund;** fela í sér hæfni til að skynja, skilja og bregðast við tilfinningum annarra og hvað í því felst að búa í samfélagi með öðrum. Með borgaravitund er átt við viðhorf og hæfni fólks til að vera virkir þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi í samræmi við réttindi sín og skyldur. Að þessu er unnið m.a. í eftirtöldum námsgreinum og viðfangsefnum.
 - *Samfélagsgreinum*
 - *Hóp- og þemaverkefnum*
 - *Bekkjarfundum*
 - *Fundum stjórnenda með nemendum*
 - *Lýðræði og kaffihúsafundum*
 - *Ráðum og nefndum með þátttöku nemenda*
- **Félagsfærni;** miðar að því að geta átt jákvæð og árangursrík samskipti við aðra. Að þessu er unnið m.a. í eftirtöldum námsgreinum og viðfangsefnum.
 - *Samfélagsgreinum*
 - *Hóp- og þemaverkefnum*
 - *Bekkjarfundum*
 - *Fundum stjórnenda með nemendum*
 - *Umhverfisráði*
 - *Vinaliðum*
 - *Dægradvöl*
- **Líkamlega og andlega velferð;** leggja þarf rækt við að leiðbeina nemendum um að temja sér heilbrigða lífshætti og ábyrga umgengni við líf og umhverfi. Að þessu er unnið m.a. í eftirtöldum námsgreinum og viðfangsefnum.
 - *Heimilisfræði*

- *Íþróttum*
- *Náttúrufræðum*
- *Samfélagsgreinum*
- *Umhverfismennt*
- *Íslensku*
- *Vinaliðum*
- *Bekkjarfundum*
- *Umhverfisráði og heilsueflandi skóla*
- *Ýmiss konar þemaverkefnum*
- **Að öðlast færni í að nýta íslensku í námi, leik og starfi;** Leggja ber áherslu á að þjálfarar nemendur í íslensku í öllu námi. Þetta gildir jafnt um þá sem eiga íslensku að móðurmáli, þá sem eru af erlendu bergi brotnir og þá sem hafa táknmál að móðurmáli. Að þessu er unnið m.a. í eftirtöldum námsgreinum og viðfangsefnum.
 - *Íslensku og öllu starfi skólans þar sem allir kennarar eru móðurmálskennarar*
- **Að efla rökhugsun og gagnrýna hugsun sem og skapandi hugsun og lausnaleit;** Nemendur eiga að þjálfast í að rökkræða og rökstyðja mál sitt í ræðu og riti. Að þessu er unnið m.a. í eftirtöldum námsgreinum og viðfangsefnum.
 - *Stærðfræði*
 - *Samfélagsfræði*
 - *Náttúrufræði*
 - *List- og verkgreinum*
 - *Hóp- og þemaverkefnum*
- **Að öðlast sem dýpstán skilning á þeim fyrirbærum sem þeir fást við í námi sínu;** Það er m.a. gert með því að leggja áherslu á frjótt, skapandi starf, verklega færni, nýsköpun og frumkvöðlanám þar sem hvatt er til frumkvæðis og sjálfstæðis í vinnubrögðum og hagnýtingu í skólastarfi og daglegu lífi. Að þessu er unnið m.a. í eftirtöldum námsgreinum og viðfangsefnum.
 - *List- og verkgreinar*
 - *Stærðfræði*
 - *Náttúrufræði*
 - *Tungumálum*

- *Ýmiss konar hóp- og þemaverkefnum*
- **Að jafnvægi sé á milli bóklegs náms og verklegs;** Bæði hugur og hönd hafa mikilvægu hlutverki að gegna þegar nemandi eflir með sér alhliða þroska. Þess skal gætt að ekki halli á verklegt nám þegar skólastarf er skipulagt. Það er gert með því að list- og verkgreinar skipa veigamikinn sess í skólastarfinu í öllum árgöngum.
 - *Myndmennt*
 - *Heimilisfræði*
 - *Smíði*
 - *Textílmennt*
 - *Dans*
 - *Leiklist*
 - *Tónmennt*
 - *Gallerí*
 - *Valgreinar á unglingastigi*
- **Að leikur sé sjálfsprottin leið til náms- og þroska;** Í grunnskóla er mikilvægt að viðhalda þessari aðferð í skólastarfi og þróa hana eftir því sem nemendur eldast. Að þessu er unnið m.a. í eftirtöldum námsgreinum og viðfangsefnum.
 - *Vinaliðum*
 - *Dægradvöl*
 - *Samfélagsgreinum*
 - *Umhverfismennt*
 - *Vettvangsferðum*
 - *Hóp- og ýmiss konar þemaverkefnum*
- **Að gera nemanda kleift að takast á við viðfangsefni daglegs lífs og jafnframt að búa hann undir frekara nám og starf að skyldunámi loknu;** Nemendur þurfa að fá tækifæri til að nýta styrkleika sína og áhuga til menntunar og aukins þroska og tengja námið því sem nemendur þekkja heima hjá sér úr eigin nærsamfélagi og í hinum stóra heimi. Að þessu er unnið m.a. í eftirtöldum námsgreinum og viðfangsefnum.
 - *List- og verkgreinum*
 - *Samfélagsgreinum*
 - *Stærðfræði*

- Náttúrufræði
 - Tungumálum
 - Valgreinum
 - Bekkjarfundum
 - Ýmiss konar hóp- og þemaverkefnum
- **Að leggja þurfi áherslu á að nám búi bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, bæði í einkalífi, fjölskyldulífi og atvinnulífi; Kynjafræði og hugtök hennar eru mikilvægur þáttur í að gera nemendur meðvitaða um stöðu kynjanna í samfélaginu. Að þessu er unnið m.a. í eftirtöldum námsgreinum og viðfangsefnum.**
 - Samfélagsgreinum
 - Bekkjarfundum
 - Íslensku
 - Hóp- og þemaverkefnum
 - **Að námshæfni sé undirstöðupáttur í öllu skólastarfi og byggist á sjálfsskilningi nemanda og feli í sér að þekkja eigin styrkleika og veikleika og að vera fær um að taka ákvarðanir á þeim grunni; Námshæfni felst m.a. í hæfni til að afla þekkingar og leikni eftir margvíslegum leiðum. Nemendur þurfa að ná valdi á þessum leiðum, m.a. með því að ná tökum á tæknimiðlum, öðlast vald á að nýta upplýsinga- og samskiptatækni og kunna að nýta margvíslegar uppsprettur þekkingar með heimildaleit á söfnum og í gagnabönkum af margvíslegu tagi. Að þessu er unnið m.a. í eftirtöldum námsgreinum og viðfangsefnum.**
 - Upplýsingamennt og safnkennslu
 - Íslensku
 - Samfélagsgreinum
 - Náttúrufræði
 - Valgreinum
 - Hóp- og ýmiss konar þemaverkefni
 - **Nemendur verði búnir undir frekara nám og starf með markvissri náms- og starfsfræðslu, víðtækri kynningu á námi sem er í boði að loknu skyldunámi, kynningu á atvinnulífinu og hvernig nám býr fólk undir fjölpætt störf sem bjóðast í samfélaginu. Að þessu er unnið m.a. í eftirtöldum námsgreinum og viðfangsefnum.**

- *Samfélagsgreinum*
- *Kynningum og heimsóknum*
- *Fyrirlestrum*
- *Hóp- og ýmiss konar þemaverkefnum*

Í aðalnámskrá grunnskóla eru sett fram hæfniviðmið við lok hvers námsstigs í grunnskóla. Í Snælandsskóla hafa þessi hæfniviðmið verið skilgreind fyrir hvern árgang og hverrar námsgreinar. Útfærslan er í höndum kennara með það að markmiði að skapa samfellu í námi nemenda, viðmið fyrir námsmat og sameiginlega sýn.

Markmið náms í ljósi ákvæða aðalnámskrár

Markmið grunnskóla er samkvæmt lögum tvíþætt. Annars vegar almenn menntun sem stuðlar að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi og hins vegar það hlutverk að búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu og frekara nám.

Í þessum kafla eru dregnar fram megináherslur um nám og kennslu sem eiga að stuðla að því að hver nemandi nái sem bestum árangri miðað við eigin forsendur. Þessi atriði eiga að vera leiðandi í skólastarfi og vera kennurum og stjórnendum skóla leiðsögn við skipulag náms og kennslu.

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eru eftirfarandi markmið höfð að leiðarljósi í öllu skólastarfi:

Nám við hæfi hvers og eins

Í Snælandsskóla er lögð áhersla á að nám sé á forsendum hvers og eins nemanda og fari fram í hvetjandi námsumhverfi þar sem hann finnur til öryggis og fær notið hæfileika sinna. Námið taki mið af þroska, persónugerð, hæfileikum, getu og áhugasviði hvers og eins.

Í Snælandsskóla er lögð áhersla á að kennari leggi sig fram um að kynnast hverjum þeim nemanda sem hann kennir, meti stöðu hans í námi og hafi bæði nemanda og foreldra hans með í ráðum um þau markmið sem stefnt skal að hverju sinni. Þá er lögð áhersla á að foreldrar fylgist með námsframvindu barna sinna.

Jöfn tækifæri til náms

Í Snælandsskóla er lögð áhersla á að nemendur njóti réttar til á að stunda nám við sitt hæfi. Tækifærin eiga að vera jöfn óháð atgervi og aðstæðum hvers og eins. Þess er því gætt að tækifærin ráðist ekki af því hvort nemandi er af íslensku bergi brotinn eða af erlendum uppruna. Þau eru óháð því hvort um drengi eða stúlkur er að ræða, hvar nemandi býr, hvernar stéttar hann er, hvaða trúarbrögð hann aðhyllist, hver kynhneigð hans er, hvernig heilsufari hans er háttað eða hvort hann býr við fötlun eða hverjar aðstæður hans eru.

Nám í skóla án aðgreiningar

Í Snælandsskóla er komið til móts við náms- og félagslegar þarfir hvers og eins með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi. Áhersla er lögð á að allir fái jöfn eða jafngild tækifæri til náms og að námið sé á forsendum hvers einstaklings. Skólastarfið einkennist af virðingu fyrir rétti allra nemenda til virkrar þátttöku í námssamfélagi skólans óháð atgervi þeirra og stöðu. Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda og leggja skal áherslu á að útrýma öllum gerðum mismununar og aðgreiningar í skólum.

Nemendahópur í grunnskóla er fjölbreyttur og þarfir þeirra mismunandi. Sveitarfélög skulu sjá til þess að skólaskyld börn, sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu eða eru vistuð hjá fósturforeldrum sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu, fái sérstakan stuðning í skólastarfi í samræmi við sérþarfir þeirra eins og þær eru metnar. Nemendur með sérþarfir teljast þeir sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika og/eða fötlunar, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með þroskaröskun, geðraskanir og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir. Bráðgerir nemendur og nemendur, sem búa yfir sérhæfileikum á vissum sviðum, eiga rétt á að fá námstækifæri við sitt hæfi. Þeir eiga að fá tækifæri til að þroska sérhæfileika sína og nýta tímann til hins ýtrasta með því að glíma við fleiri og flóknari markmið og krefjandi nám á eigin forsendum sem er þeim merkingarbært.

Ef foreldrar og sérfræðingar skóla meta aðstæður nemandans þannig að honum sé fyrir bestu að stunda nám í sérskóla geta foreldrar óskað eftir skólavistun í sérskóla tímabundið eða að öllu leyti. Í þessum efnum ráða hagsmunir barnsins.

Nemendur njóti bernsku sinnar

Í Snælandsskóla er lögð áhersla á að nemendur finni til öryggis, fái tækifæri til að þroska og nýta hæfileika sína og njóta bernsku sinnar. Bernsku- og æskuárin eru mikilvægt skeið í ævi hvers einstaklings. Hver skóladagur og hver kennslustund ber í sér þroskamöguleika sem nýta þarf til fulls. Mikilvægt er að halda við eðlislægri forvitni barnsins, hún er ein mikilvægasta forsenda alls náms. Leikurinn er leið ungra barna til að læra á heiminn og læra um heiminn. Miklu skiptir að leiknum sem námsaðferð sé gert hátt undir höfði í grunnskóla og sú áhersla einskorðist ekki við yngstu nemendurna. Í þessum rétti felst einnig að bernsku- og æskuárin hafa tilgang í sjálfu sér en eru ekki eingöngu undirbúningur frekara náms og starfa. Nemendur eiga rétt á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi námsumhverfi, námstilhögun, fyrirkomulag skólastarfs og aðrar ákvarðanir sem snerta þá. Taka skal tillit til sjónarmiða þeirra eftir föngum. Nemendur eiga að geta komið á framfæri sjónarmiðum sínum í öllu almennu skólastarfi, t.d. með reglulegum umræðum í kennslustundum undir stjórn umsjónarkennara þegar tilefni gefast til. Einnig eiga nemendur að geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri í gegnum fulltrúa sína í stjórn nemendafélags og skólaráði.

Hlutverk kennara

Meginhlutverk kennarans er kennslu- og uppeldisfræðilegt starf með nemendum, að vekja og viðhalda áhuga þeirra á námi, veita þeim handleiðslu á sem fjölbreytilegastan hátt og stuðla að góðum starfsanda og vinnufrið meðal nemenda. Þessu hlutverki má einnig lýsa sem forystuhlutverki; að vera leiðtogi í námi nemandans. Þetta felur í sér áherslu á að skapa nemendum frjóar og fjölbreytilegar námsaðstæður. Vönduð kennsla, sem lagar sig að þörfum og stöðu einstakra nemenda í skóla án aðgreiningar, eykur líkur á árangri. Mikilvægt er að kennarar vinni saman að menntun nemenda eftir því sem framast er kostur og að kennsla og uppeldi verði ekki aðgreind allt frá upphafi til loka grunnskóla.

Hver nemandi skal hafa umsjónarkennara. Umsjónarkennari tekur öðrum starfsmönnum fremur ábyrgð á námi nemenda sinna, þroska þeirra, líðan og velferð. Umsjónarkennari leggur sig fram um að kynnast nemendum sínum sem best, foreldrum þeirra og aðstæðum. Hann vinnur náið með þeim kennurum sem kenna nemendum í hans umsjá, safnar saman upplýsingum og kemur þeim áleiðis innan skóla og til foreldra í þeim tilgangi að gera

foreldrum kleift að taka þátt í ákvörðunum sem varða barn þeirra og skólastarfið. Umsjónarkennari gegnir lykilhlutverki í farsælu samstarfi heimila og skóla og er megintengiliður milli skóla og heimila.

Skólabragur

Nemendur þurfa að tileinka sér í daglegu lífi ýmsa þætti til þess að vera virkir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi, þ. á m. samskiptahæfni, virðingu, umburðarlyndi og skilning á uppbyggingu lýðræðislegs þjóðfélags. Nemendur þurfa að læra að umgangast hvern annan og allt starfsfólk skóla í sátt og samlyndi og taka ábyrgð á eigin framkomu og hegðun og virða skólareglur. Leggja þarf áherslu á námsaga og sjálfsaga nemenda. Til þess að svo megi verða ber starfsfólki skóla í hvívetna að stuðla að góðum starfsanda og gagnkvæmri virðingu allra í skólanum í samstarfi við nemendur, foreldra og starfsfólk. Efla skal félagsfærni nemenda með því að skapa þeim tækifæri til virkrar þátttöku í skólastarfi. Jákvæður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum, s.s. einelti og öðru ofbeldi. Meðal grundvallarréttinda nemenda er að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð sem bestum tókum á náminu og að kennslan nýtist þeim sem best. Því þarf að leggja áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag í hverjum skóla og góðan vinnuanda í einstökum bekkjardeildum og námshópum.

Samstarf heimila og skóla

Velferð barna og farsæl námsframvinda byggist ekki síst á því að foreldrar styðji við skólagöngu barna sinn og gæti hagsmuna þeirra í hvívetna, eigi gott samstarf við skóla, veiti skólanum viðeigandi upplýsingar og taki þátt í námi barna sinna og foreldrastarfi frá upphafi til loka grunnskóla. Upplýsingagjöf milli heimila og skóla og samráð kennara og foreldra um nám og kennslu er mikilvæg forsenda fyrir árangursríku skólastarfi. Skólar bera ábyrgð á að slíkt samstarf komist á og því sé viðhaldið alla skólagöngu barnsins. Virk hlutdeild og þátttaka foreldra í námi og starfi barna sinna er forsenda þess að foreldrar geti axlað þá ábyrgð sem þeir bera á farsælu uppeldi og menntun barna sinna.

Forvarnir

Grunnskólinn skal vinna markvisst að forvörnum og heilsuefningu þar sem hugað er að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan nemenda skólans. Lögð skal áhersla á almennar

forvarnir, s.s. gagnvart tóbaki, áfengi, öðrum vímuefnum og annars konar fíkn, t.d. net- og spilafíkn. Í forvarnaráætlun skal m.a. vera áætlun skólans í fíknivörnum og áfengis- og tóbaksvörnum, áætlun gegn einelti og öðru ofbeldi, áætlun í öryggismálum og slysavörnum og stefna í agastjórnun. Einnig skal koma fram með hvaða hætti skólasamfélagið hyggst bregðast við ef mál koma upp. Kynna skal forvarnaráætlun skólans öllum aðilum skólasamfélagsins, starfsfólki skóla, foreldrum og nemendum og birta í skólanámskrá.

Tengsl skóla og nærsamfélags

Mikilvægt er að skólar byggi upp virk tengsl við nærsamfélag sitt og stuðli þannig að jákvæðum samskiptum og samstarfi við einstaklinga, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir. Þetta er mikilvægt til að auka fjölbreytni í námi, t.d. í valgreinum á unglingastigi og til þess að tengja nám nemenda veruleikanum í nærumhverfi þeirra svo það verði merkingarbærara. Þessi tenging snýr t.d. að umhverfi, menningu, listum, íþróttum, félags- og tómstundastarfi og atvinnulífi. Skólinn er oft hjarta byggðarlags þar sem kynslóðir mætast og má líkja við mannlífstorg borga og mikilvægt að skólar nýti möguleika sem bjóðast til að tengja saman ólíkar kynslóðir í samfélaginu. Það er því mikilvægt að virk og góð tengsl séu milli samfélagsins og skólans þar sem gagnkvæm virðing ríkir gagnvart þörfum og skyldum allra aðila. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir því hvernig tengslum skólans við nærsamfélagið er háttað.

Sérfræðipjónusta í grunnskólum

Sérfræðipjónusta sveitarfélaga vegna grunnskóla beinist að því að efla grunnskóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og viðeigandi aðstoð við störf sín.

Sérfræðipjónusta tekur annars vegar til stuðnings við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra með hagsmuni nemenda að leiðarljósi og hins vegar til stuðnings við nemendur í grunnskólum og foreldra þeirra. Markmið með sérfræðipjónustu sveitarfélaga er að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi. Við framkvæmd sérfræðipjónustu skulu sveitarfélög leggja áherslu á forvarnarstarf til að stuðla markvisst að almennri velferð nemenda og til að fyrirbyggja vanda. Snemmtækt mat á stöðu nemenda og ráðgjöf í kjölfarið er mikilvæg til að sem fyrst sé hægt að bregðast við

námslegum, félagslegum og sálrænum vanda og skipuleggja kennslu og stuðning, með starfsfólki skóla, þannig að það hæfi hverjum nemanda í skóla án aðgreiningar. Sérfræðipjónustan á að mótast af heildarsýn á aðstæður og hagsmuni nemenda óháð starfsstéttum sérfræðinga og hver veitir þjónustuna. Þannig skal velferð nemandans ávallt höfð að leiðarljósi.

Sérfræðipjónustan skal styðja á fjölbreyttan hátt við starfsemi og starfshætti í skólum, starfsfólk þeirra og foreldra með ráðgjöf og fræðslu. Viðeigandi túlkapjónusta er nauðsynleg til að tryggja að upplýsingar og ráðgjöf nýtist foreldrum og nemendum, því er mikilvægt að aðgengi að slíkri þjónustu sé gott.

Í lögum um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er áhersla á samfellu í skólagöngu nemenda. Því er mikilvægt að við framkvæmd sérfræðipjónustunnar sé lögð áhersla á góða samfellu og heildarsýn sem birtist í markvissri upplýsingamiðlun um hagi nemenda þegar þeir fara á milli skólastiga. Nauðsynlegt er að ekki verði rof í menntun þeirra við tilfærsluna og tillit tekið til ákvæða laga um slíka upplýsingamiðlun milli skólastiga.

Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjöf er lögbundinn hluti af sérfræðipjónustu skóla. Náms- og starfsráðgjöf í grunnskóla felst í því að vinna með nemendum, foreldrum, kennurum, skólastjórnendum og öðrum starfsmönnum skólans að ýmiss konar velferðarstarfi er snýr að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda. Náms- og starfsráðgjöf felst í því að liðsinna nemendum við að finna hæfileikum sínum, áhugasviðum og kröftum farveg. Mikilvægt er að nemendur fái aðstoð við að leita lausna ef vandi steðjar að í námi þeirra eða starfi í skólanum. Náms- og starfsráðgjafar geta aðstoðað nemendur við að vinna úr upplýsingum um nám sitt og leiðbeint þeim við áframhaldandi nám og starf. Jafnrétti ber að hafa að leiðarljósi í náms- og starfsfræðslu með því að kynna piltum og stúlkum fjölbreytt námsframboð að loknum grunnskóla og störf af ýmsu tagi. Leitast skal við að kynna báðum kynjum störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla- eða kvennastörf. Nauðsynlegt er að kynna fyrir nemendum ný störf og þróun starfa sem fylgja breytingum í nútímasamfélagi.

Námsmat Snælandsskóla

Mat á árangri og framförum barna og ungmenna er reglubundinn þáttur í skólastarfi, órjúfanlegur frá námi og kennslu. Megintilgangur námsmats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig þeim tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa.

Námsmat miðar að því að afla vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Námsmat á að veita nemendum og foreldrum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi sem má hafa að leiðarljósi við skipulagningu náms. Til að geta gegnt þessu margþætta hlutverki þarf námsmat að uppfylla þau skilyrði að vera réttmætt og áreiðanlegt. Tryggja þarf að allt námsmat sé þannig úr garði gert að það meti það sem það á að meta á áreiðanlegan hátt.

Fjölbreyttar matsaðferðir

Markmið skólastarfs eru margvísleg og hægt að fara ýmsar leiðir til að ná þeim. Því verða matsaðferðir að vera fjölbreyttar. Þær skulu vera í samræmi við hæfniviðmið, endurspegla áherslur í kennslu og taka mið af nemendum. Námsmat á að vera áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt og sanngjarnt. Meta þarf alla þætti námsins, þekkingu, leikni og hæfni með hliðsjón af viðmiðum í aðalnámskrá.

Kennarar þurfa að hjálpa börnum og ungmennum til raunhæfs sjálfsmats, gera þeim grein fyrir markmiðum náms og hvernig miðar í átt að þeim. Leggja skal áherslu á leiðsagnarmat þar sem nemendur velta reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum til að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða hvert skuli stefna. Nemendum þarf að vera ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar í matinu.

Tilhögun námsmats þarf að vera fjölbreytt og í samræmi við áherslur í skólastarfi og höfða til sem flestra námsþátta. Þannig skal meta munnleg verkefni, verkleg og skrifleg, myndræn, stuttar afmarkaðar æfingar og dýpri athuganir, einstaklingsverkefni og hópverkefni, verkefni sem unnin eru á afmörkuðum tíma og óafmörkuðum og próf af ýmsu tagi. Mappa eða vinnubók, þar sem safnað er saman verkefnum og úrlausnum, t.d. með rafrænum hætti, getur hentað vel til að fá yfirsýn yfir það hversu vel nemandinn hefur unnið og gefið

vísbendingar um ástundun, virkni, vinnubrögð, framfarir nemenda og félagsfærni. Námsmat þarf að taka tillit til þarfa nemenda og sértækra námsörðugleika þeirra. Skólum ber að gera það sem unnt er til þess að koma til móts við þarfir hlutaðeigandi í þessu efni. Þessir nemendur skulu eiga kost á frávikum frá almennu námsmati, t.d. lengri próftíma, sérhönnuð próf, notkun hjálpargagna, aðstoð og munnlegt námsmat.

Vitnisburðarkerfi

Námsmat 1. bekkur 2014 - 2015

- Í október – frammistöðumat á Mentor, munnlegur vitnisburður, forráðamenn mæta í viðtal til umsjónarkennara. Upplýsingar veittar um félagslega og námslega stöðu nemandans. Sérgreinakennarar eru til viðtals ef þess er óskað.
- Í febrúar – frammistöðumat á Mentor, munnlegur vitnisburður, forráðamenn og nemendur mæta í viðtal til umsjónarkennara. Fá upplýsingar um félagslega og námslega stöðu nemandans. Sérgreinakennarar eru til viðtals ef þess er óskað.
- Við skólalok er ekki formlegt námsmat. Nemendur fá við skólaslit umslag þar sem í er sjálfsmynd þeirra frá hausti og að vori.

Námsmat 2. - 10. bekkur 2014-2015

- Í október – frammistöðumat á Mentor, munnlegur vitnisburður, forráðamenn og nemendur mæta í viðtal til umsjónarkennara. Upplýsingar veittar um félagslega og námslega stöðu nemandans. Sérgreinakennarar eru til viðtals ef þess er óskað.
- Í janúar/febrúar – skriflegt námsmat gefið út á Mentor.
- Í febrúar – frammistöðumat á Mentor, staðan tekin frá því í október. Forráðamenn og nemendur mæta í viðtal til umsjónarkennara. Sérgreinakennarar eru til viðtals ef þess er óskað.
- Við skólalok í júní – skriflegt námsmat er afhent nemendum við skólaslit.

Samræmd próf

Samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði eru lögð fyrir alla nemendur í 4., 7. og 10. bekk. Nemendur í 10. bekk þreyta einnig samræmt könnunarpróf í ensku.

Stöðluð skimunarpróf

- Tove Krogh í 1. bekk.
- Læsi á yngsta stigi
- Hraðlestrarpróf á yngsta og miðstigi 2 – 3 sinnum á hverju skólaári.
- Lesskilningspróf –Orðarún á miðstigi.
- Grp 14 í 9. bekk.
- Logos (Einstaklings fyrirlögn)
- Talnalykill
- Samræmd próf í 4. 7. og 10. bekk.

Námsmat 2015 – 2019.

Unnið er að undirbúningi nýs námsmatskerfis í samræmi við nýja Aðalnámskrá grunnskóla sem stefnt er að því að taka upp haustið 2015. Til viðbótar við hefðbundin próf og námsmat er þar áhersla eins og áður á leiðsagnarmat þar sem nemendur vinna út frá markmiðum í námi. Ásamt því verður tekið upp mat á Lykilhæfni.

Starfshópur í skólanum vinnur að því ásamt öðrum kennurum skólans að setja niður hæfniviðmið, greina hvernig meta eigi Lykilhæfni, og hvernig og hvenær eigi að birta hana.

Innra mat á árangri og gæðum

Sjálfsmat er leið til þess að vinna kerfisbundið að gæðum og umbótum í skólastarfi. Sjálfsmat er einnig leið til þess að miðla þekkingu og upplýsingum um skólastarf. Í sjálfsmati skal koma fram stefna og markmið skóla, skilgreining á leiðum til þess að ná þeim, greining á sterkum og veikum hliðum skólastarfs og áætlun um úrbætur. Megintilgangur þess er að gera starfsfólki skóla auðveldara að vinna að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum. Þetta á jafnt við um markmið og áherslur í lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og staðbundin markmið sem skólarnir setja fram í skólanámskrám. Um leið skapar sjálfsmat faglegan grundvöll fyrir umbætur.

Með sjálfsmati fer fram víðtæk gagnaöflun um skólastarfið sem veitir upplýsingar um í hve miklum mæli árangur skólastarfsins er í samræmi við markmið. Sjálfsmat er ekki unnið í eitt

skipti fyrir öll heldur þarf stöðugt að vinna að því. Það er langtímamiðað en ekki einangruð aðgerð. Í sjálfsmatsskýrslu skóla þarf að vera ítarleg lýsing og greining á markmiðum og starfi skólans. Jafnframt er mikilvægt að í sjálfsmatsskýrslu skóla komi fram tillögur um úrbætur.

Í gildandi lögum um grunnskóla eru skýr ákvæði um að skólar skuli innleiða sjálfsmat. Samkvæmt lögunum er skólum í sjálfsvald sett hvaða aðferðum þeir beita við sjálfsmat. Í lögunum eru einnig ákvæði um að á fimm ára fresti skuli menntamálaráðuneytið láta fara fram úttekt á þeim sjálfsmatsaðferðum sem skólar nota.

Á hverju ári er lögð fram tímasett áætlun í Starfsáætlun skólans með helstu sameiginlegum verkefnum í sjálfsmati, þar kemur einnig fram hverjir eru ábyrgðaraðilar og þátttakendur. Einnig er sett fram umbótaáætlun til 3ja ára í senn. Skólanefnd Kópavogs hefur samþykkt þátttöku skólanna í Kópavogi í Skólavoginni sem er mælitæki fyrir skólastarf þar sem kannanir eru lagðar fyrir nemendur, foreldra og starfsmenn.

Áætlanir um umbætur og þróunarstarf

Endurmenntunaráætlun Snælandsskóla 2014 - 2015

Inngangur:

Hverjum skóla ber að gera símenntunaráætlun. Tími til símenntunar markast af gildandi kjarasamningi sem gerir ráð fyrir 150 klst. á ári til endurmenntunar og undirbúnings kennara. Skipting þessa tíma getur verið mismunandi milli kennara, skóla og einnig milli ára. Meginþættir í símenntun kennara eru þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann og þættir sem hver kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig

Skólastjórnendur ákvarða ásamt kennurum almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/eða þróunarvinnu. Kennurum ber að gera skólastjórnendum í starfsmannasamtölum grein fyrir þeim þáttum í símenntun sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfinu. Kennurum er ennfremur skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun skóla, enda sé hún gerð samkvæmt ákvæðum kjarasamnings og

kennurum að kostnaðarlausu. Kennarar og skólastjórar grunnskóla eiga einnig kost á námsleyfum.

Í umræðum undanfarin ár hefur einkum verið fjallað um símenntun kennara sem ævimenntun; stöðuga starfsþróun, sem er fjölbreytt og einstaklingsbundin. Símenntun kennara getur hvort heldur sem er verið formleg; t.d. nám sem veitir prófgráður eða aukin starfsréttindi; eða óformleg; það er fjölbreytt nám kennara, til dæmis á styttri námskeiðum eða ráðstefnum.

Í samræmi við Lög um grunnskóla frá 2008, gr. 12 þar sem segir „Að frumkvæði skólastjóra mótar hver skóli áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks hans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár“ vinnur Snælandsskóli að endurmenntunaráætlun til næsta skólaárs, það er skólaárið 2014-2015. Frá árinu 2000 hefur verið unnið að endurmenntunaráætlunum í Snælandsskóla. Í framhaldi af ítarlegri könnun á stöðu endurmenntunar sem gerð var í upphafi verksins hefur síðan verið fylgst með stöðu mála, bæði hvað varðar endurmenntun einstakra kennara í sínu sérfagi svo og þær áherslur sem lagðar hafa verið í endurmenntunaráætlunum. Skal nú getið þess helsta á síðasta skólaári og hvernig tekist hefur að ná þeim markmiðum sem sett voru fram í áætlunum.

Aðaláherslur skólans 2013-2014:

- Heilsueflandi skóli
- Innleiðing nýrrar aðalnámskrár (lykilhæfni)
- Námsmat og sýnileg námsmarkmið-námsmat sem kennsluaðferð
- Flip kennsla á unglingastigi og Moodle námsvefurinn

Heilsueflandi skóli

Snælandsskóli vinnur áfram að því að verða **heilsueflandi grunnskóli** í samvinnu við Lýðheilsustöð. „Í **heilsueflandi skólum** fer fram skólastarf í anda heilsueflingar þar sem markvisst er unnið að því að efla og stuðla að velferð og góðri heilsu nemenda og starfsfólks.“

Þetta er í beinu framhaldi af því að skólinn setti sér heilsustefnu, fyrstur grunnskóla árið 2009. Í vetur eins og áður starfaði sérstakur vinnuhópur að því að halda utan um verkefni

vetrarins á sérstökum H/H fundum eins og í fyrra. Nú var áherslan á heimilin og nærsamfélagið. Hér fyrir neðan er það helsta sem var unnið í samvinnu með foreldrum:

- **Eineltisdagurinn**, þar sem skólinn, leikskólarnir í hverfinu og foreldrar sameinuðust í göngu og skemmtun í íþróttasal skólans.
- Undirritaður var **sáttmáli um vináttu**.
- **Flip kennsla** var á stefnuskránni til að efla þátttöku foreldra í námi barna sinna.
- Hugað var að því hvernig hægt væri að **efla handþvott** í skólanum til sóttvarnar.
- Afhending á **flúor til foreldra**.
- Sótt var til **foreldra með fyrirlestra og fræðslu** í skólanum
- **Kaffihúsafundur skólaráðs**.
- **Jólafondur** foreldrafélags.
- **Bekkjarkvöld**.

Innleiðing aðalnámskrár grunnskóla

Í framhaldi af setningu nýrra laga árið 2008 um leikskóla, [nr. 90/2008](#), grunnskóla, nr. 91/2008 og framhaldsskóla, [nr. 92/2008](#) hefur mennta- og menningarmálaráðuneyti unnið að innleiðingu þeirrar menntastefnu sem þar er mörkuð. Undirstaða þeirrar vinnu er útgáfa nýrra aðalnámskráa fyrir skólastigin þrjú sem hafa nú verið staðfestar af ráðherra og birtar með auglýsingu í Stjórnartíðindum.

„Í aðalnámskrám eru skilgreindir sex grunnþættir í menntun sem eiga sér stoð, hver með sínum hætti, í löggjöf fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Grunnþættirnir í menntun eru: Læsi í víðum skilningi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Þeir tengjast öllum námsgreinum grunnskóla og eru leiðarljós í almennri menntun og starfsháttum.“

Í grunnskóla skal leggja mat á hæfni nemenda innan hvers námssviðs og á það við jafnt í bóklegu námi, verknámi og listnámi. Í aðalnámskránni er kynntur nýr matskvarði með fjórum flokkum, A–D. Matskvarðinn er tvískiptur, annars vegar kvarði fyrir mat á hæfni á hverju námssviði og hins vegar mat á lykilhæfni við lok grunnskóla. Lykilhæfni er sú hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum og er ætlað að stuðla að alhliða þroska hans. Lykilhæfnin skiptist í

fimm þætti sem lagðir eru til í Aðalnámskrá. Allir þættirnir fimm eru jafn mikilvægir en farið er misjafnlega djúpt í þá eftir aldri nemenda. Lykilhæfnipættirnir fimm eru:

1. Tjáning og miðlun. Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum.

2. Skapandi og gagnrýnin hugsun. Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöðum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, áráðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýninni hugsun og röksemdafærslu.

3. Sjálfstæði og samvinna. Hæfni nemenda til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.

4. Nýting miðla og upplýsinga. Hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýninn hátt.

5. Ábyrgð og mat á eigin námi. Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.

Matskvarðann ber að nota við brautskráningu nemenda úr grunnskóla. Kvarðann má laga að skólanámskrá hvers skóla og aðstæðum hverju sinni. Á sameiginlegum skipulagsdegi kennara í Kópavogi sl. haust sátu kennarar á fundum um grunnþætti aðalnámskrár grunnskóla. Menntasvið Kópavogs hélt síðan námskeið um lykilhæfni í öllum námsgreinum, skólaárið 2013-2014 fyrir kennara og skólastjórnendur og unnu kennarar eftir áramótin að því að útbúa viðmið á hverju námssviði á lykilhæfni nemenda og aðlaga að skólanámskrá Snælandsskóla.

Námsmat og sýnileg námsmarkmið-námsmat sem kennsluaðferð

Á síðasta skólaári var ákveðið að vinna að þróunarverkefni til ársins 2015 með áherslu á sýnilegt námsmat og námsmarkmið sem kennsluaðferð. Sótt var um styrk í Sprotasjóðinn til að fjármagna fyrirlesara.

Yfirmarkmið verkefnisins er að vinna að áframhaldandi þróun námsmats í Snælandsskóla og tengja það betur áherslum nýrrar aðalnámsskrár. Undirmarkmið er að meta núverandi stöðu

námsmats innan skólans með tilliti til nýrrar aðalnámsskrár. Einnig að kennarar innan skólans fái tækifæri til að kynna sér og þjálfist í nýjum vinnubrögðum m.a. þar sem námsmat er hugsað sem kennsluaðferð. Að vinna með sýnileg námsmarkmið og tengja þau símati, hæfniviðmiðum, leiðsagnarmati og einstaklingsbundinni námsframvindu. Í aðalnámskrá grunnskóla segir: *Kennarar þurfa að hjálpa nemendum til raunhæfs sjálfsmats, gera þeim grein fyrir markmiðum náms og hvernig miðar í átt að þeim. Leggja skal áherslu á leiðsagnarmat sem byggist á því að nemendur velti reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum til að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða hvert skal stefna. Nemendum þarf að vera ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar í matinu.*

Ætlunin er að koma til móts við þessar áherslur með eftirtöldu:

- að auka sýnileika námsmarkmiða
- að nemendum verði ljósara hvaða viðmið eru lögð til grundvallar náminu
- að tengja námsmarkmið leiðsagnar- og símati
- kenna nemendum markmiðasetningu
- hjálpa kennurum að efla enn betur sterkar hliðar sínar og kosti sem starfsmanna
- skoða tengsl milli markmiða, viðmiða og námsmats, hvað er góður árangur og liggur það ljóst fyrir öllum

Stjórnun verkefnisins var í höndum 6 manna stýriteymis. Hver starfsmaður var ábyrgur fyrir eigin starfendarannsókn / markmiðasetningu, stýrihópur hélt utan um vinnuhópa og umræður í þeim. Yfirumsjón með verkefninu var í höndum skólastjóra og stýrihóps verkefnis. Allt hefur gengið samkvæmt áætlun og óneitanlega fróðlegt fyrir alla starfsmenn að skoða eigin störf og bæta sig í hvívetna. Á þessu skólaári er fyrirhugað að vinna að verkefninu eftir svokallaðri 2+2 aðferð. Kennarar vinna þá tveir og tveir saman og skoða kennsluna hjá hvor öðrum.

Flip kennsla á unglingastigi og Moodle námsvefurinn

Með Flip kennslu er vettvangi námsins snúið við. Nemendur hlusta á kynningar kennara sinna heima en koma í skólann til að sinna verkefnum. Með því móti er nemandinn settur í aðalhlutverk en kennarinn verður leiðtoginn til aðstoðar. Reynslan er einkar jákvæð. Nemendur verða virkari, agabrotum fækkar, árangur á prófum hækkar svo eitthvað sé nefnt.

Flippið felur í sér nýja nálgun í lærdómsferlinu. Það mætir einstaklingsbundnum þörfum og virkjar nemendur. Kennari tekur upp allt það sem hann vill koma á framfæri við nemendur sína og notar til þess þá tækni sem til er (m.a. glærur, teikningar, myndbönd). Efni þetta, ekki lengra en 5-10 mínútur hver bútur, er vistað á netinu, aðgengilegt fyrir nemendur. „Heimaverkefni“ nemenda er að hlusta á þessar kynningar kennarans eftir námsáætlun.

Nokkrir kennarar á unglingastigi spreyttu sig á Flip kennslu s.l. vetur og hefur verið komið fyrir tækjum í einni kennslustofunni til að taka upp kennslumyndbönd. Einnig fóru allir kennarar á unglingastigi í upprifjun á því hvergnig taka á upp efni með notkun smarttöflunnar og kennarar á miðstigi fengu örnámskeið í því sama. Ætlunin er að mið-og unglingastig spegli nú í vetur í ríkara mæli en áður.

Námsvefurinn Moodle er vefur sem er námsumsjónarkerfi notað m.a. í Háskóla Íslands. Hann heldur einnig Hann heldur utan um allt námsefni fyrir nemendur á unglingastigi grunnskólanna sem Reykjavíkurborg rekur. Moodle býður upp á mikinn fjölda hagnýtra kennsluverkfæra svo sem hugbúnað til prófagerðar, verkefnaskila, og umræðuþræði. Tveir kennarar skólans hafa notfært sér þennan námsvef til að halda utan um allt námsefni í sinni kennslu ásamt því að vera með verkefnabækur á Mentor. Tölvuver skólans hefur verið endurhannað og aðgengi nemenda hefur aukist.

Aðrar áherslur skólaárið 2013-2014:

Olweusar-verkefnið: Stöðugt var fylgst með að bekkjarfundir væru haldnir í öllum árgöngum. Nýir verkefnisstjórar héldu utan um vinnuna og sóttu námskeið til að afla sér frekari þekkingar.

Önnur fræðsla sem kennarar, stuðningsfulltrúar og aðrir starfsmenn öfluðu sér á síðasta skólaári og greidd var ýmist af skólanum eða í gegnum endurmenntunarsjóði:

- Viðbótar diplómanám við HÍ, tveir kennarar í orlofi
- Nám í stjórnun menntastofnana HÍ, einn kennari
- Nám í prent- og skjámiðlun fjarkennslu við Borgarhóltsskóla, einn kennari
- Jóga – kennaranámskeið haldið í Reykjavík, einn kennari
- Golfnámskeið haldið í Skotlandi, einn kennari

- Stuðningulltrúanám – fjarnám haldið í Borgarholtsskóla, einn skólaliði

Starfsfólk sótti einnig fjölda annarra styttri námskeiða og ráðstefna:

- Mentor – námskeið
- Heilsueflandi skólar – ráðstefna
- Bett – ráðstefna

Aðaláherslur skólans 2014-2015

Ný viðfangefni eru alltaf áskorun. Kennarar og stjórnendur þurfa sífellt að leita leiða til að þróa skólann áfram. Hlutverk stjórnenda og kennara er að breytast úr því að vera fræðarinn yfir í það að vekja áhuga, efla sjálfstæði, hvetja til frumkvæðis og leita sér þekkingar. En til þess að þetta sé hægt þarf að virkja marga til að koma að nýjum hugmyndum og koma nýrri hugsun í framkvæmd. Þau verkefni sem tekin eru fyrir og skipulögð innan skóla verða að eiga rætur í framtíðarsýn og stefnumiðum skólans. Ef slík tenging er ekki fyrir hendi er hætt við að erfitt verði að tryggja stuðning kennara við hana. Þess vegna er mikilvægt að þeir sem málið varðar taki þátt í áætlanagerðinni og setningu markmiða, séu með í að þróa það sem stefnt er að, til þess að auka líkur á að verkefni nái því sem því er ætlað að ná.

Námskeið og vinna að innleiðingu nýrrar aðalnámskrár grunnskóla verður helsta og eina verkefni endurmenntunar skólans næsta vetur að hálfu skólastjórnar og áherslan verður á speglaða kennslu á elsta- og miðstigi skólans og sýnileg námsmarkmið á öllum stigum. Reynt verður þó að koma til móts við óskir starfsmanna um að sækja námskeið eða ráðstefnur um efni sem snertir ekki beint aðaláherslu skólans en felur í sér t.d. faglega endurmenntun hvers og eins í sínu fagi.

Næsta vetur munum við taka upp Vinaliðaverkefnið í frímínútum. Fengum við kynningu á verkefninu og ákváðum strax að þetta verkefni myndi henta okkar nemendum vel. Verkefnisstjóri hefur þegar verið ráðinn og mun hann sækja námskeið í haust.

Vinaliðaverkefnið er fyrst og fremst forvarnarverkefni sem hefur það yfirmarkmiði að nemendur hlakki til þess að koma í skólann sinn á hverjum degi. Ákveðinn fjöldi nemenda er valinn til þess að verða vinaliðar og munum við í fyrstu virkja nemendur í 4.- 6. bekk til þátttöku í verkefninu. Hlutverk vinaliða gengur út á það að skipuleggja leiki í frímínútum og drífa alla krakka með í leikina. Einnig er það hlutverk vinaliðanna að passa upp á yngstu

nemendurna, að þeim líði vel í frímínútum og vera duglegir við að virkja nemendur sem eru einir. Vinaliðar eiga að hafa augun opin gagnvart óæskilegri framkomu eða hegðun nemenda og ber þeim að tilkynna um slíkt til skólaliða eða kennara. Til þess að geta útskrifast sem vinaliði þurfa krakkarnir að fara í gegn um leikjanámskeið og fræðslu sem boðið er upp á með ákveðnu millibili. Þar læra nemendur fjölbreytta og skemmtilega leiki og fá kennslu í því koma þeim af stað í frímínútum. Rík áhersla er lögð á að vinaliðar séu hvetjandi og styðjandi við nemendur ásamt því að geta stjórnað leikjum í þann tíma sem frímínúturnar vara. Vinaliðaverkefnið er norskt verkefni og er nú notað í um 800 grunnskólum í Noregi. Norðmenn tala gjarnan um verkefnið sem framhald eða góða viðbót við eineltisáætlun Olweusar eða aðrar sambærilegar eineltisáætlanir, (<http://www.vinaverkefnid.is/index.php/home/79-vinaliear-fra-noregi-i-skagafirei.html>.)

Snælandsskóli vinnur verkefnið í samvinnu við Árskóla í Skagafirði.

Hér á eftir fylgir framkvæmdaáætlun fyrir næsta skólaár, einnig fylgir með hvernig skólinn íhugar að fjármagna endurmenntun starfsfólks. Breytingar geta orðið á þessari áætlun því vissulega geta komið þættir inn á næsta skólaári sem verða til þess að endurskoða þarf áherslur.

Framkvæmdaáætlun fyrir árið 2014-2015

Þáttur aðalnámskrár	Hvernig	Hvenær	Afrakstur	Bjargir
Námsmat:	Upprifjun og námskeið: kennarar fá kennslu í Moodle forritinu	18. ágúst 2014 Kl. 9 - 12	Kennarar æfi sig í notkun á Moodle forritinu.	Sigurður Haukur Gíslason og Ragnheiður Guðmundsdóttir
		18. ágúst 2014 Kl. 9 - 12	Að skrifa sig til læsis Kennarar á yngsta stigi	Sigrún Jóhannsdóttir TMF tölvumiðstöð
		18. ágúst 2014 Kl. 13 - 16	Skipulögð kennsla Kennarar á yngsta stigi	Sigrún Hjartardóttir Greiningarstöð
		19. ágúst 2014	Námsgagnastofnun	
		20. ágúst 2014	Skyndihjálp	Rauði Krossinn
		20. ágúst 2014	Námskeið fyrir starfsmenn	Kristjana Ólafsdóttir

			dægradvalar, skólaliða og stuðningsfulltrúa. Kynning á helstu þroskafrávikum barna	iðjuþjálfari
		24. sept 2014	Fyrirlestur um aðferðir starfendarannsókn a. Paravinna.	Hafþór Guðjónsson
		12. nóvember 2014	Fyrirlestur um mat á lykilhæfni	Vigfús Hallgrímsson
		17. nóvember 2014	Skólaheimsókn í Akurskóla á Reykjanesi	Skipulagsdagur
		19. nóvember 2014	Hópavinna og umræður úr skólaheimsókn	Stýrihópur
		26. janúar 2015	Hópastarf kennara. Matskvarðar	Skipulagsdagur Stýrihópur og verkefnisstjóri
		Febrúar 2015	Kennarafundur og frásagnir frá sýnilegum markmiðum.	Stýrihópur
		13. mars 2015	Hópastarf kennara. Matskvarðar	Skipulagsdagur Stýrihópur og verkefnisstjóri
		15. maí 2015	Vinna að lokaskýrslu	Skipulagsdagur Stýrihópur og verkefnisstjóri
Námsgreinahl uti aðalnámskrár	Viðmiðunarstundaskr á aðlöguð nýrri aðalnámskrá.	Skólaárin 2012 – 2013 2013 – 2014 2014 - 2015	Enskukennsla frá 1. bekk. List- og verkgreinar auknar. Áhersla á náttúrufræði og útikennslu List- og verkgreinar auknar á miðstigi með leiklistarkennslu. Útikennsla fest á töflu í 2. – 6. bekk.	Skólastjóri

	Aðalnámskrá: Allir kennarar skólans kynna sér Hvítbók.	Haustönn 2014	Undirbúningur fyrir aðlögun að matskvörðum fyrir mat á hæfni og lykilhæfni.	Vigfús Hallgrímsson
	Teymisvinna:	Skólaárið 2014 - 2015	Kennarateymi vinna að matskvörðum fyrir matsviðmið og lykilhæfni. Safna upplýsingum saman á einn stað.	

Önnur endurmenntun

Annað starfsfólk en kennarar munu verða styrktir til þess að fara á sérstök námskeið þegar tilefni verður til svo sem námsráðgjafi, stuðningsfulltrúar/þroskaþjálfar vegna sértækra úrræða einstakra nemenda en erfitt er að gera áætlun um slíkt fyrirfram. Þeir starfsmenn sem stunda önnur störf svo sem matráðar, húsvörður, gangaverðir og ræstar verða hvattir til að nýta sér námskeið sem gefast á þeirra vettvangi en stuðningur skólans við þá felst fyrst og fremst í því að gefa þeim kost á að fara á námskeið á vinnutíma.

Áherslur Snælandsskóla 2015 – 2018.

Áherslur Snælandsskóla 2015 – 2018 eru eftirfarandi:

- Innleiðing á nýju námsmati samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla
- Innleiðing á nýjum kennsluháttum með Ipad í kennslu
- Ný innleiðing á Olweusaráætluninni

Skólaárið 2015 – 2016 hefst innleiðing á nýju námsmati í skólanum. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat í allri kennslu og að markmið séu sýnileg og skýr. Einnig verður í fyrsta sinn tekið upp mat á Lykilhæfni með kvarðanum ABCD.

Kópavogsbær hefur ákveðið að leggja stórum hluta nemenda og öllum kennurum til Ipad til þess að vinna með. Ráðnir verða verkefnisstjóri og kennsluráðgjafar vegna þessa verkefnis og mun stýrihópur skólans setja upp regluleg endurmenntunarnámskeið fyrir kennara. Þetta verkefni verður aðaláhersla í endurmenntun skólaárin 2015 – 2016 og 2016 – 2017.

Skólaárið 2017 – 2018 er stefnt að nýrri innleiðingu á Olweusaráætluninni. Langt er frá síðustu innleiðingu og hefur nokkur breyting orðið á starfsmannahópnum síðan þá og til þess að tryggja að verkefnið sé síkvíkt.

Umbótaáætlun Snælandsskóla 2015 – 2018.

	2015 - 2016	2016 - 2017	2017 - 2018
Ágúst	Unnið að starfsáætlun vetrar. Ný endurm. áætlun tekur gildi.	Unnið að starfsáætlun vetrar. Ný endurm. áætlun tekur gildi.	Unnið að starfsáætlun vetrar. Ný endurm. áætlun tekur gildi.
Sept.	Starfsáætlun vetrar lögð fram til samþykktar í skólaráði og í skólanefnd. Niðurstöður í foreldra- og nemendakönnunum skólavogarinnar kynntar. Nemendakönnun skólavogarinnar, fyrsti hluti. Kennsluáætlanir birtar. Olweusarfundur Skólaráðsfundur	Starfsáætlun vetrar lögð fram til samþykktar í skólaráði og í skólanefnd. Niðurstöður í starfsmanna- og nemendakönnunum skólavogarinnar kynntar. Skýrsla um Innra mat kynnt. Nemendakönnun skólavogarinnar, fyrsti hluti. Kennsluáætlanir birtar. Olweusarfundur Skólaráðsfundur	Starfsáætlun vetrar lögð fram til samþykktar í skólaráði og í skólanefnd. Niðurstöður í foreldra- og nemendakönnunum skólavogarinnar kynntar. Nemendakönnun skólavogarinnar, fyrsti hluti. Kennsluáætlanir birtar. Olweusarfundur Skólaráðsfundur
Okt.	Teymisvinna hefst: Heilsueflandi skóli Grænfána- og umhverfisteymi Námsmatsteymi Upplýsingatækniteymi Jafnréttisteymi Öryggisnefnd Áfallaráð Nemendaverndarráð Olweusarteymi Matsteymi ...	Teymisvinna hefst: Heilsueflandi skóli Grænfána- og umhverfisteymi Námsmatsteymi Upplýsingatækniteymi Jafnréttisteymi Öryggisnefnd Áfallaráð Nemendaverndarráð Olweusarteymi Matsteymi ...	Teymisvinna hefst: Heilsueflandi skóli Grænfána- og umhverfisteymi Upplýsingatækniteymi Jafnréttisteymi Öryggisnefnd Áfallaráð Nemendaverndarráð Ný innleiðing: Olweusarteymi Matsteymi ...
Nóv.	Olweusarfundur Nem.könnun Olweus Nemendakönnun skólavogarinnar, annar hluti. Skólaráðsfundur	Olweusarfundur Nem.könnun Olweus Nemendakönnun skólavogarinnar, annar hluti. Skólaráðsfundur	Olweusarfundur Nem.könnun Olweus Nemendakönnun skólavogarinnar, annar hluti. Skólaráðsfundur
Des.			Olweusarfundur
Jan	Kennsluáætlanir birtar Skólaráðsfundur Nemendakönnun	Kennsluáætlanir birtar Skólaráðsfundur Nemendakönnun	Kennsluáætlanir birtar Skólaráðsfundur Nemendakönnun

	skólavogarinnar, þriðji hluti.	skólavogarinnar, þriðji hluti.	skólavogarinnar, þriðji hluti. Olweusarfundur
Feb		Foreldrakönnun skólavogarinnar.	Olweusarfundur
Mars	Starfsmannakönnun skólavogarinnar Nemendakönnun skólavogarinnar, fjórði hluti. Skólaráðsfundur	Nemendakönnun skólavogarinnar, fjórði hluti. Skólaráðsfundur	Starfsmannakönnun skólavogarinnar Nemendakönnun skólavogarinnar, fjórði hluti. Skólaráðsfundur Olweusarfundur
Apríl			Olweusarfundur
Maí	Nemendakönnun skólavogarinnar, fimmti hluti.	Nemendakönnun skólavogarinnar, fimmti hluti.	Nemendakönnun skólavogarinnar, fimmti hluti.
Júní	Skilafundir fyrir teymisvinnu. Skýrsla um Innra mat 2013 – 2016. Starfsáætlun yfirfarin. Skólaráðsfundur.	Skilafundir fyrir teymisvinnu. Starfsáætlun yfirfarin. Skólaráðsfundur.	Skilafundir fyrir teymisvinnu. Starfsáætlun yfirfarin. Skólaráðsfundur.

Samstarf heimila og skóla

Í Snælandsskóla hefur samstarf heimila og skóla ætíð verið í hávegum haft. Foreldradagar eru haldnir einu sinni á önn í tengslum við skil á frammistöðumati. Nemendur, foreldrar og kennarar fylla það út svo heildræn sýn fái á stöðu hvers nemanda.

Heimanám er mikilvægur hluti af námi hvers nemenda og heimanám hefur ætíð verið talið mikilvægt bæði af nemendum, foreldrum og kennurum. Upplýsingar um heimanám eru birtar á Mentor en einnig hafa nemendur á unglingastigi aðgang að upplýsingum og kennsluáætlunum í Moodle. Bæði þessi kerfi eiga að auðvelda foreldrum að fylgjast með námi barna sinna. Auk þess hafa allir kennarar skólans vikulega viðtalstíma.

Foreldrar eiga tvo fulltrúa í skólaráði sem fjallar um allar helstu breytingar á skólastarfinu. Auk þess starfa foreldrafélag skólans og bekkjarfulltrúar hvers bekkjar sem eru kosnir fyrir tilstuðlan þess. Hlutverk foreldrafélagsins er að vera skólastarfinu til stuðnings og hefur það árlega kostað fræðsluerindi fyrir nemendur og komið að vorhátíð skólans annað hvert ár. Einnig hefur foreldrafélagið stutt skólann með góðum gjöfum.

Foreldrar eru velkomnir að fylgjast með starfinu og reglulega bjóða kennarar í list- og verkgreinum upp á opna daga þar sem foreldrum er boðið sérstaklega í heimsókn. Tvisvar á ári eru bekkjarkvöld með þátttöku umsjónarkennara og auk þess er foreldrum sérstaklega boðið á söngleiki, leiksýningar, tónleika, spurningakeppni og sýningar á verkefnum nemenda.

Mikilvægt er að allir sem heimsækja skólann og fylgjast með því starfi sem þar fer fram geri sér grein fyrir mikilvægi þess að virða trúnað um nemendur og /eða annað sem þeir verða vitni að í skólastarfinu.

Upplýsingamiðlun

Upplýsingar um skólastarf Snælandsskóla eru birtar á heimasíðu skólans www.snaelandsskoli.is. Þar eru reglulega sagðar fréttir af skólastarfinu. Á heimasíðunni er einnig að finna starfsáætlun skólans sem gefin er út árlega og samþykkt er af skólanefnd. Þar birtast einnig fundargerðir skólaráðs og foreldrafélags skólans.

Mentor er formlegt skráningar- og upplýsingakerfi skólans og ber öllum kennurum að vista upplýsingar þar. Kennarar skrá viðveru nemenda, heimavinnu, gera kennsluáætlanir, annast námsmat og færa inn einkunnir. Auk þess senda þeir vikulega upplýsingar til foreldra um skólastarfið.

Öllum kennurum ber að skrá í dagbók Mentor uppákomur og/eða einstök tilvik sem þeir hafa afskipti af varðandi nemendur og geta síðar haft áhrif á gang mála í skólagöngu viðkomandi nemenda.

Reglulega nokkrum sinnum á skólaárinu senda skólastjórnendur bréf til forráðamanna með upplýsingum um skólastarfið.

Samstarf við leik- og framhaldsskóla

Snælandsskóli leggur áherslu á góð samskipti við leik- og framhaldsskóla. Móttöku- og tilfærsluáætlun Snælandsskóla er eftirfarandi:

Samstarf við leikskóla

Snælandsskóli leggur áherslu á í samstarfi við leikskóla að:

- kynna leikskólanemendum grunnskólann og auðvelda þeim aðlögun að breytingum sem verða við skólaskiptin
- samræma notkun hugtaka í kennslu nemenda í leikskóla og grunnskóla
- kynna foreldrum grunnskólann

Fundur í byrjun skólaárs

Fundur leikskólakennara 5 ára barna og umsjónarkennara í 1. bekk Snælandsskóla og deildarstjóra yngsta stigs. Gerð áætlun um samstarfið fyrir veturinn skv. skóladagatali. Einnig samræmd hugtök og verkefni sem notuð eru í kennslu 5 og 6 ára nemenda.

Kynningarheimsókn á haustönn

Skólahópur leikskólanna kemur í heimsókn í skólann. Deildarstjóri yngstastigs tekur á móti hópnum, sýnir honum skólann og les fyrir hann sögu. Í lok heimsóknar er farið í kennslustofu.

Leikskólaheimsókn á vorönn

Nemendur í 1. bekk fara í heimsókn í gamla leikskólann sinn með bók í farteskinu til að gefa skólahópnum. Bókin hefur að geyma verkefni nemenda um það sem gert er í skólanum. Leikskólakennarar geta síðan unnið með efni bókarinnar í vinnu með elstu börnunum.

Sameiginleg skemmtun að vori

Skólahópnum boðið í heimsókn í skólann. Mismunandi frá ári til árs hvað boðið er upp á. Reynt að nýta nemendasýningar hverju sinni.

Bréf sent heim í apríl/maí

Bréf er sent heim til 5 ára nemenda um væntanlega skólaheimsókn í maí. Aðeins þau börn sem setjast á skólabekk í Snælandsskóla fá þetta bréf.

Skólaheimsókn í maí

Væntanlegir nemendur í 1. bekk Snælandsskóla koma á boðuðum tíma í heimsókn í skólann. Þau fara inn í 1. bekk og dvelja þar í um eina klukkustund. Foreldrar fá á meðan kynningu á stoðkerfi skólans og hvers megi vænta þegar nemandi hefur skólagöngu.

Samstarf við framhaldsskóla

Í Snælandsskóla er reynt eftir megni að kynna 10. bekingum þær námsleiðir sem til boða standa að loknum grunnskóla. Námsráðgjafi skipuleggur þá kynningu í samráði við deildarstjóra unglingastigs.

Árlega hefur MK boðið öllum 10. bekingum til kynningar upp í menntaskóla, þar sem farið er yfir starfsemi og brautir skólans svo og inntökuskilyrði. Námsráðgjafi er í reglulegu sambandi við námsráðgjafa annarra framhaldsskóla til að geta sem best upplýst nemendur Snælandsskóla um allt er þá fýsir að vita um starfsemi þeirra.

Samstarf við MK

Frá hausti 2010 hafa grunnskólar Kópavogs gert samning við MK að þeir sjái um námsmat (prófagerð og yfirferð) í framhaldsáföngunum Ensku 103 og Stærðfræði 103/203 fyrir nemendur grunnskólanna. Áður var boðið upp á þetta nám í MK. Um er að ræða fullgilt menntaskólanám í áföngunum og fer kennsla fram í grunnskólunum. Ljúki nemandi áfanga með tilskyldum árangri hefur hann þar með lokið þeim einingum. Á það skal þó bent, að ekki er öruggt að aðrir framhaldsskólar en MK viðurkenni einingarnar. Nemendur grunnskóla Kópavogs geta einnig valið að taka kynningaráfanga á matvælabraut MK sem hluta af valgreinum sínum.

Móttöku og tilfærsluáætlun

Móttaka nýrra nemenda

Í Snælandsskóla er öllum nýjum nemendum vel tekið. Þegar nýr nemandi er skráður í skólann er honum og foreldrum hans boðið að koma í heimsókn í skólann. Stjórnendur taka á móti þeim og kynna skólastarfið og sýna þeim húsnæðið.

Umsjónarkennarar hefur samband þegar um tvær vikur eru liðnar af skólatímanum. Þá gefst tækifæri til að ræða líðan nemandans og upplifun hans og foreldra af skólanum.

Að taka við nemanda á miðjum vetri

Nemandi mætir fyrst utan skólatíma ásamt foreldrum sínum og hittir væntanlegan umsjónarkennara. Þegar nemandi byrjar í skólanum á miðjum vetri þarf að huga að nokkrum

atriðum. Foreldrar innrita nemandann hjá ritara skólans sem kemur upplýsingum til allra starfsmanna skólans. Þegar bekkjarskipun hefur verið ákveðin boðar umsjónarkennari nemandann til fundar með forráðamönnum.

Umsjónarkennari þarf að:

- afla upplýsinga frá foreldrum um nemandann almennt, námsgengi (m.a. athuganir og greiningar) félagslega stöðu, skólagöngu hingað til, heilsufar, trúarbrögð, tengsl við aðra nemendur í skólanum o.s.frv. Ef eitthvað er athugavert við heilsu nemandans skal umsjónarkennari foreldrum á að hafa samband við skólahjúkrunarfræðing. Umsjónarkennari fylgist með því að þær upplýsingar komist til skila.
- gefa foreldrum kost á að koma í skólann ásamt nemandanum til að hitta sig og skoða skólahúsnæði
- afhenda foreldrum og nemanda stundatöflu og ritfangalista og benda þeim á hvar frekari upplýsingar er að finna (t.d. á heimasíðu skólans)
- gera foreldrum grein fyrir skólastefnu og vinnuvenjum í skólanum
- veita upplýsingar um almenn atriði eins og viðtalstíma, nestismál, klæðnað í íþróttum, tilkynningar um forföll, beiðnir um leyfi o.s.frv.
- fara yfir skólareglur með foreldrum og nemanda
- skipa nemandanum í viðeigandi hóp í sérgreinum
- segja bekkjarfélögum frá komu nýs nemanda og virkja þá til að leiðbeina honum og auðvelda aðlögun í skólanum
- sjá um í samráði við húsvörð að húsgögn séu til staðar fyrir nemandann
- láta bekkjarfulltrúa fá upplýsingar um að nýir samstarfsforeldrar hafi bæst í hópinn

Móttaka nemenda af erlendum uppruna

Nemendur af erlendum uppruna sem eiga skólasókn í Snælandsskóla eiga val um að sækja um skólavist í nýbúadeild Álfhólsskóla séu þeir nýfluttir til landsins og hafi ekki náð tökum á íslensku.

Velji nemandi af erlendum uppruna að sækja skóla í Snælandsskóla gildir sama ferli og áður en gæta skal þess að tryggja túlk á staðnum þegar fundað er með umsjónarkennara.

Tengsl skóla við nærsamfélagið

Snælandsskóli er staðsettur í Fossvogsdalnum miðjum. Nágrenni skólans einkennist af fjölbreyttri náttúru. Þar má m.a. finna skógrækt, skólagarða, útikennslusvæðið Asparlund, fjöru í Fossvogi, í Nauthólsvík eru strönd, jökulsorfið berg og klettur, eftir miðjum Fossvogsdalnum rennur lækur og laxveiðiá er í Elliðaárdal. Frá skólanum má ganga út á Seltjarnarnes og upp í Heiðmörk án þess að fara yfir götu. Skólinn leggur mikla áherslu á umhverfi sitt og nýtir þessi svæði ómælt til útivistar og náms.

Skólinn er í samstarfi við leikskóla hverfisins varðandi val nemenda í 9. og 10. bekk. Nemendur í leikskólavali fara 5 stundir á viku í heimsókn í leikskóla og aðstoða við umönnun barnanna þar.

Snælandsskóli er einnig í samstarfi við HK og Gerplu með valgrein sem kallast afreksskóli. Þar eru nemendur sem fá að aðstoða við þjálfun í sínum íþróttagreinum undir stjórn þjálfara íþróttafélaganna.

Nemendur unglingastigs skólans hafa einnig um margra ára skeið getað stundað nám upp fyrir sig, eins og sagt er, með skráningu í fjarnám framhaldsskólanna. Þungaviktarskólar þar eru MK og VÍ og hefur fjöldi nemenda á hverju ári stundað þar fjarnám sem hluta af sínu námsvali.

Ýmislegt fleira mætti tína til úr okkar nærsamfélagi, s.s. samstarf okkar við Kiwanisfélagið, en þaðan hafa komið góðir gestir í gegnum árin og fært 1. bekkingunum okkar reiðhjólahlýma sem svo sannarlega hafa reynst vel. Einnig hefur slökkvilið höfuðborgarsvæðisins sent fulltrúa sína hingað til okkar og rætt við og frætt nemendur 3. bekkjar um brunavarnir og starfsemi slökkviliðsins.

Foreldrar eru velkomnir gestir í skólann og nokkrir þeirra koma árlega og veita fræðslu sem tengist þeirra störfum. Þannig hafa t.d. næringarfræðingur og tannlæknir heimsótt unglingadeild skólans árlega.

Forvarnaráætlun

Í Snælandsskóla hefur markvisst verið unnið forvarnarstarf sem m.a. felst í því að marka leiðir til að auka færni nemenda til þess að takast á við daglegt líf. Leitað hefur verið leiða til að efla sjálfstraust nemenda, félagslegan og siðferðilegan styrk, andlegan, sálrænan og líkamlegan þroska allt eftir áhuga þeirra, aldri og þroska.

Í Aðalnámsskrá er kveðið á um að skólar skuli koma sér upp forvarnaráætlun þar sem hugað er að andlegri – líkamlegri- og félagslegri vellíðan nemenda.

Forvarnaáætlun Snælandsskóla birtist í eftirfarandi áætlunum:

- áætlun um fíknivarnir
- eineltisáætlun
- áætlun um kynbundið ofbeldi
- jafnréttisáætlun
- öryggisáætlun
- áfallaáætlun
- agastjórnun / skólareglur

Áætlun um fíknivarnir

Forvarnastarf gegn ávana- og fíkniefnum, net- og spilafíkn miðar að því að:

- efla sjálfstraust og virðingu nemenda gagnvart sjálfum sér og öðrum
- nemendur fræðist um og geri sér grein fyrir áhættu samfara tóbaks-, áfengis og vímuefnaneyslu
- nemendur fræðist um og tileinki sér eðlileg samskipti á netinu
- nemendur tileinki sér heilbrigðan lífsstíl

Um allt starf Snælandsskóla gilda landslög og reglur um meðferð áfengis og tóbaks. Fræðsla um fíknivarnir er samþætt öllu starfi skólans. Einnig fer hún fram sérstaklega á bekkjarfundum.

Skólinn er þátttakandi í Vinaliðaverkefni Skagafjarðar þar sem markvisst er unnið að því að efla félagsþroska og leiðtogaþæfni nemenda.

Nemendur í 7. bekk hafa tekið þátt í verkefninu Reyklaus bekkur.

Marita samtökin koma árlega í skólann í unglingadeild til að fræða nemendur og foreldra um fíknivarnir.

Ábyrgð foreldra:

Foreldrar eru samkvæmt könnunum Rannsóknar og greiningar fyrirmyndir barna sinna og sterkastur áhrifavaldur í lífi þeirra. Ábyrgð þeirra er því mikil þegar kemur að forvörnum.

Mikilvægt er að þeir:

- gefi sér tíma með barninu
- hlusti á álit barnsins
- setji reglur um útivist og netnotkun á heimilum
- hvetji barnið til tómstunda iðkana og taka þátt í því
- veri barninu góð fyrirmynd
- veri þátttakendur í foreldrasamstarfi / foreldrarölti
- geri barnið fært um að rækta persónuleg lífsgæði sem fylgja því ævina á enda

Eineltisáætlun

Snælandsskóli er Olweusarskóli



Í Snælandsskóla hefur verið unnið eftir áætlun Olweusar gegn einelti frá árinu 2002. Skilgreining Olweusar á einelti er þegar einstaklingur verður aftur og aftur fyrir neikvæðu og óþægilegu áreiti eins eða fleiri og á erfitt með að verja sig. Einelti getur

verið beint einelti og óbeint einelti. Með beinu einelti er átt við einelti með höggum, spörkum, blótsyrðum, niðurlægjandi og háðslegum athugasemdum. Með óbeinu einelti er átt við að maður verði útilokaður frá félagahópnum, verði fyrir illu umtali eða að aðrir komi í veg fyrir að maður eignist vini. Einnig er rafrænt einelti hluti af óbeinu einelti.

Olweusaráætlunin byggist á ákveðnum meginreglum sem miða að því að bæta það félagslega umhverfi sem er í skólanum og skapa jákvætt skólaumhverfi sem einkennist af:

- Hlýlegum og jákvæðum áhuga og alúð hinna fullorðnu
- Ákveðnum römmum vegna óviðunandi atferlis

- Stefnufastri beitingu neikvæðra afleiðinga (refsinga) sem hvorki eru líkamlegar né óvinveittar, brjóti nemandinn gegn þeim reglum sem ákveðnar hafa verið
- Fullorðnum í skóla (og á heimili) sem virka sem yfirboðarar við vissar aðstæður

Megininntak Olweusaráætlunarinnar er fræðsla. Allt starfsfólk skólans fær reglulega fræðslu um hvað einelti er og hvernig bregðast skuli við ef upp kemur einelti. Árlega er lögð fyrir könnun á stöðu eineltis í skólanum og eru niðurstöður kynntar fyrir starfsfólki, foreldrum og nemendum. Nemendur frá fræðslu um hvað felst í hugtakinu einelti og afleiðingar þess. Bekkjarfundir eru haldir reglulega þar sem meðal annars er rætt um samskipti og einelti. Bekkjarfundir eru hugsaðir til að styrkja bekkjarbraginn og efla samkennd meðal nemenda.

Við leggjum áherslu á að nemendur og foreldrar treysti sér til að leita til starfsmanna skólans ef grunur leikur á að einelti eigi sér stað. Olweusarverkefnið hefur gefið út handbók fyrir foreldra þar sem er að finna upplýsingar um hvað sé einelti og hvernig bregðast skuli við því. Þeir foreldrar sem ekki eiga slíka handbók geta nálgast hana á skrifstofu skólans.

Meðferð eineltismála

1. stig – tilkynning.

Tilkynning getur borist frá nemanda, foreldri eða starfsmanni skólans. Um leið og tilkynning berst fær eineltisteymið hana í hendur og umsjónarkennari fer í að kanna málið.

2.stig – könnun.

Umsjónarkennari ræðir við þolanda, meinta gerendur, leitar upplýsinga hjá starfsfólki og öðrum nemendum og ræðir við foreldra ef tilefni þykir til.

3.stig – staðfestur grunur.

Ef grunur er staðfestur þá eru allir sem umgangast barnið virkjaðir og uppfræddir.

4.stig – alvarlegri viðtöl.

Ef eineltið stoppar ekki þrátt fyrir viðtöl, fræðslu og eftirlit eru alvarlegri viðtöl tekin við alla sem hlut eiga að máli. Ráðstafanir gerðar með foreldrum allra hlutaðeigandi.

5.stig - vísað til nemendaverndarráðs.

Ef eineltið hættir ekki þá er málinu vísað til nemendaverndarráðs.

Kynbundin og /eða kynferðisleg áreitni og ofbeldi.

22.grein jafnréttislaga

Kynferðisleg áreitni telst hvers kyns ósanngjörn eða móðgandi *kynferðisleg* hegðun, sem er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að skýrt sé gefið í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Eitt atvik getur talist kynferðisleg áreitni, ef það er alvarlegt.

Kynbundin áreitni er hvers kyns ósanngjörn eða móðgandi hegðun, sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að skýrt sé gefið í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Eitt atvik getur talist kynferðisleg áreitni, ef það er alvarlegt.

Kynbundið ofbeldi er ofbeldi á grundvelli kynferðis sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þolenda. Einnig teljast hótanir um slíkt ofbeldi, þvingun eða handahófskennd svipting frelsis á grundvelli kynferðis, bæði í kynlífi og á opinberum vettvangi, til kynbundins ofbeldis.

Leiðir til að koma í veg fyrir kynbundna / kynferðislega áreitni

- Skólastjórnendur senda út skýr skilaboð til starfsfólks þar sem starfsfólki er gert ljóst að slík hegðun sé ekki liðin og á henni verði tekið.
- Fræðsla um samskipti á vinnustað, kynferðislega áreitni og einelti.
- Starfsmönnum verði kynnt áætlun um það hvaða viðurlaga skuli gripið til ef starfsmaður verður uppvís að kynferðislegri / kynbundinni áreitni eða einelti.
- Hópefli starfsfólks.

Aðgerðarlisti vegna gruns um kynbundna / kynferðislega áreitni.

- Ef starfsmaður, nemandi eða foreldri telur á sér brotið með kynferðislegri eða kynbundinni áreitni í tengslum við skólastarfið ber að tilkynna það skólastjóra. Tilkynning skal vera skrifleg.
 - Sé brotið augljóst og mjög alvarlegt, er starfsmaður sendur í leyfi á meðan málið er rannsakað.
- Skólastjóri rannsakar málið og ræðir við brotþola og aðra þá er að málinu koma.

- Skólastjóri metur hvers eðlis málið sé og tilkynnir málsaðilum niðurstöðu sína.
 - Ef ekki er um brot að ræða eru engin frekari viðbrögð.
 - Ef um minniháttar brot er að ræða, ræðir skólastjóri við starfsmann og veitir honum áminningu ef ástæða þykir til.
 - Ef um meiriháttar brot er að ræða eru viðbrögð skrifleg áminning eða brottrekstur úr starfi. Starfsmanni sem vikið hefur verið úr starfi meðan rannsókn málsins stendur yfir er veitt áminning og kemur aftur til starfa.
- Skólastjóri skal gæta þess við alla vinnslu málsins að fylgja stjórnsýslulögum.

Aðgerðarlisti vegna gruns um kynferðislega misnotkun.

1. Ef grunur vaknar um kynferðislega misnotkun á nemanda ber ávallt að tilkynna gruninn til barnaverndarnefndar sem sker úr um hvort grunur sé á rökum reistur.
2. Barnaverndarnefnd fylgir málinu áfram til Barnahúss, ef það telur ástæðu til. Þar fær barn svokallað rannsóknarviðtal sem er greiningarviðtal og svo meðferð.
3. Æskilegt er að funda með foreldrum viðkomandi nemanda u.þ.b. 3 mánuðum eftir að tilkynnt var um málið. Eftirmeðferð rædd.
4. Best er að sem fæstir fái vitneskju um málið því slík mál eru mjög viðkvæm
5. Ef starfsmaður skóla er grunaður um kynferðislega misnotkun er kært til lögreglu eða barnaverndarnefndar, allt eftir eðli máls og framhald málsins í þeirra höndum. Eðlilegt er að viðkomandi starfsmaður sé leystur frá störfum á meðan rannsókn fer fram.

Öryggisáætlun

Röskun á skólastarfi vegna óveðurs

Tilmæli um viðbrögð foreldra og forráðamanna

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS), skipuð framkvæmdastjórum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, fól SHS að útbúa, í samvinnu við fræðslufirvöld allra sveitarfélaganna, reglur fyrir foreldra og skólayfirvöld um röskun á skólastarfi vegna óveðurs. Jafnframt var ákveðið að fylgjast með veðri og veðurspám og senda út tilkynningar í samræmi við þessar reglur, eftir atvikum í samráði við slökkvilið, lögreglu, fræðslufirvöld og aðra.

Um ábyrgð foreldra

Mikilvægt er að foreldrar sjálfir fylgist með veðri og veðurspám og hagi sér í samræmi við aðstæður hverju sinni, enda getur veður þróast með ófyrirséðum hætti og aðstæður verið mjög mismunandi eftir svæðum. Foreldrar leggja sjálfir mat á hvort fylgja þarf barni í skóla þótt engin tilkynning hafi borist frá yfirvöldum. Meti foreldrar aðstæður svo að ekki sé óhætt að börn þeirra sækja skóla þá skulu þeir tilkynna skólanum um það og lítur skólinn á slík tilvik sem eðlileg forföll. Hið sama gildir ef foreldrar lenda í vandræðum á leið sinni til skóla og verða frá að hverfa. Mikilvægt er að fólk fari ekki af stað til skóla eða vinnu ef það treystir sér ekki eða er vanbúið til farar, svo sem vegna þess að bifreið er vanbúin til vetraraksturs.

Tvö viðbúnaðarstig

Þegar veðurspár gefa til kynna að óveður sé í aðsigi á höfuðborgarsvæðinu er fylgst gaumgæfilega með og gefnar út viðvaranir til almennings, gerist þess þörf. Um er að ræða tvö viðbúnaðarstig vegna óveðurs:

VIÐBÚNAÐARSTIG 1: Röskun verður á skólastarfi vegna erfiðleika starfsfólks og nemenda við að komast til skóla – foreldrar fylgi börnum í skólann.

VIÐBÚNAÐARSTIG 2: Skólahald fellur niður. Hér er fyrst og fremst átt við yngri börn en það er algjörlega á ábyrgð foreldra og háð mati þeirra. Þegar rætt er um foreldra er átt við foreldra og aðra forráðamenn.

Tilkynningar um viðbúnaðarstig

Áríðandi er að foreldrar fylgist með tilkynningum og fari að tilmælum. Kappkostað er að koma tilkynningum tímanlega á framfæri í samvinnu við fréttastofur útvarpsstöðva (RÚV og Bylgjuna) og helstu fréttamiðla á vefnum (mbl.is og visir.is) og er miðað við að tilkynningar berist þeim eigi síðar en kl. 7.00 að morgni sé tekin ákvörðun um viðbúnaðarstig við upphaf skóladags.

Símkerfi skóla eru að jafnaði ekki undir það búin að anna miklu álagi og er foreldrum því bent á að fylgjast með tilkynningum og afla upplýsinga í fjölmiðlum, á heimasíðum skóla og á shs.is. Foreldrar skulu ævinlega leita eftir staðfestum tilkynningum yfirvalda um viðbúnaðarstig en forðast að láta stjórnast af mati nemenda á aðstæðum.

Viðbúnaðarstig 1: Röskun á skólastarfi – foreldrar fylgi börnum í skóla

Röskun getur orðið á skólastarfi vegna veðurs ef starfsfólk á erfitt með að komast í skóla. Við þessar aðstæður eru skólar engu að síður opnaðir og taka á móti nemendum og þeir geta dvalið þar á meðan skipulagt skólalald á að fara fram. Mjög mikilvægt er að foreldrar fylgi börnum til skóla og yfirgefi þau alls ekki fyrr en þau eru í öruggum höndum starfsfólks.

Í upphafi skóladags getur verið að mönnun skóla sé takmörkuð. Foreldrar geta þá búist við því að starfsfólk leiti liðsinnis þeirra. Foreldrar eru hvattir til að taka slíkum beiðnum vel. Geisi óveður við lok skóladags er metið hvort óhætt sé að senda börnin heim eða hvort ástæða er til að foreldrar sækji börn sín. Þá eru gefnar út tilkynningar um það, auk þess sem skólarnir leggja sig fram um að hafa samband við foreldra.

Viðbúnaðarstig 2: Skólalald fellur niður

Séu aðstæður þannig að óhjákvæmilegt sé að fella skólalald niður um tíma vegna veðurs fá fjölmiðlar tilkynningu um það. Þá ber foreldrum að halda börnum sínum heima þangað til tilkynningar berast um annað.

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Skógarhlíð 14 – 105 Reykjavík

sími 528 3000 – shs@shs.is – www.shs.is

Viðbrögð við jarðskjálfta

Innandyrar: Við jarðskjálfta getur verið hættulegt að hlaupa út úr byggingu. Reyndu frekar að leita skjóls og vera kyrr á öruggum stað innandyrar t.d. út í horni við burðarveggi fjarri gluggum. Ef þú er sofandi og vaknar upp við jarðskjálfta, haltu þá kyrru fyrir og notaðu koddan til að verja höfuðið. Ef það verður jarðskjálfti hafið þá eftirfarandi í huga:

Húsgögn: Varist húsgögn sem geta hreyfst úr stað.

Innihald skápa: Varist hluti sem detta úr hillum og skápum, sérstaklega í eldhúsi.

Ofnar og kynditæki: Haldið ykkur fjarri ofnum og kynditækjum sem hendast út af festingum.

Lyftur: Notið ekki lyftur og látið fara yfir þær eftir að jarðskjálfti hefur orðið þar sem lyftur skekkjast oft í jarðskjálfta.

Rúðubrot: Varist stórar rúður sem geta brotnað.

Byggingarhlutar: Við jarðskjálfta geta hlutar úr byggingunni brotnað af. Haldið ykkur fjarri þeim stöðum í húsinu þar sem hættu er á hrynjandi byggingahlutum.

Gott er að setja á minnið orðaröðina: KRJÚPA – SKÝLA – HALDA

Ekki hlaupa um stefnulaust innandyra, né hlaupa út í óðagoti.

Ríkislögreglustjóri

Skúlagata 21, 101 Reykjavík

S:444 2500, Fax: 5622665, Netfang:almannavarnir@rls.is

Vinnuverndarstefna

Stjórnendur skulu af fremsta megni stuðla að starfsöryggi og andlegri sem líkamlegri heilsu og vellíðan starfsmanna og nemenda skólans. Þeim markmiðum má ná með því að:

- Vinnuumhverfi sé bjart og hita- og rakastig sé eðlilegt.
- Hávaða- og loftmengun sé í lágmarki.
- Öryggis- og hlífðarbúnaður sé til staðar og notaður þar sem við á.
- Vinnuaðstaða og rými, þ.m.t. stólar og borð, séu við hæfi starfsmanna og nemenda.
- Öll samskipti milli starfsmanna og nemenda skólans skulu miða að því að auka andlega vellíðan og félagslega hæfni einstaklinga skólasamfélagsins.
- Við skólann starfar öryggisnefnd sem vinnur að áhættumati og úrbótum varðandi öryggi, hollustuhætti og aðbúnað á vinnustaðnum og lóð hans. Starfsmenn skólans skulu koma ábendingum um vinnuverndarmál til öryggisnefndar.
- Stjórnendur skólans bera ábyrgð á framkvæmd einstakra efnispáttá. Komi upp ágreiningur skal vísa honum til Vinnueftirlits ríkisins.

Reglulegar athuganir

Reglulega er gerð úttekt á skólalóðinni og skólanum varðandi slysaþættu. Allt sem keypt er þarf að fylgja slysavarnarstöðlum bæjarins.

Birgða- og sorphreinsibílar hafa einungis leyfi til þess að ferma og afferma á tímum þegar nemendur eru ekki við leik á skólalóðinni. Reglulega eru foreldrar, nemendur og starfsfólk skóla minnt á að aka gætilega nálægt skólanum.

Vinnueftirlit ríkisins kemur reglulega og gerir úttekt á tækjum og búnaði skólans.

Skyndihjálparnámskeið fyrir starfsfólk eru haldin árlega.

Kiwanisfélagar gefa nemendum 1. bekkjar hjólahjálma og hjúkrunarfræðingar ræða við þau um mikilvægi á noktun hjálmsins.

Slökkviliðið heimsækir 3. bekk árlega í desembermánuði og kynnir brunavarnir.

Frímínútnagæsla

Nemendur í 1. – 7. bekk, fara út í frímínútur tvisvar á dag. Nemendur í 8.- 10. bekk, mega vera inni í sínum frímínútum og hafa aðstöðu í setustofu. Starfsfólk er á úti- og innivakt auk þess eru 2 nemendur 10. bekkjar á vakt hverju sinni í frímínútum að morgni.

Ábyrgð á fjármunum - óskilamunir

Foreldrar eru hvattir til að merkja vandlega að hausti skó, yfirhafnir og íþróttaföt með nafni nemandans og bekkjarheiti. Óskilamunir eru í vörslu gangavarða eða ritara. Vitja má óskilamuna á opnunartíma skólans.

Skólinn ber ekki ábyrgð á fjármunum nemenda t.d. í yfirhöfnum eða töskum. Allir nemendur unglingastigs eiga kost á að leigja læsta skápa fyrir gögn sín.

Umferðaröryggi

Nemendur er hvattir til að ganga í skólann og mikilvægt er að þeir velji örugga leið í skólann og nýti gangbrautir þar sem þess er kostur. Sýna þarf varkárni þegar ekið er að og frá skólanum.

Jafnréttisáætlun

Samkvæmt jafnréttisáætlun Kópavogsbæjar sem byggir á lögum um jafnan rétt kvenna og karla eiga allar stofnanir Kópavogs með fleiri en 25 starfsmenn að setja sér jafnréttisáætlanir.

Markmið með gerð jafnréttisáætlunar Snælandsskóla er að stuðla að jafnri stöðu karla og kvenna sem við skólann starfa og drengja og stúlkna sem við skólann nema. Í sýn skólans segir að víska, virðing, vinsemd og víðsýni skulu höfð að leiðarljósi í skólastarfinu öllu. Í anda þessa er fulls jafnréttis milli kynja gætt í Snælandsskóla.

Nemendur eru hvattir til að rækta sérkenni sín og hvatt er til jákvæðra samskipta milli kynja. Stúlkum og drengjum og konum og körlum eru sköpuð jöfn tækifæri til þátttöku og áhrifa í skólasamfélaginu og bæði kynin hvött jafnt til þess að taka þátt og hafa áhrif.

Jafnréttissjónarmið eru samþætt stefnumótunarvinnu skólans og stuðla þannig að því að jafnréttissjónarmið eru eðlilegur þáttur í skólastarfinu, hvað varðar starfsfólk, nemendur og í samstarfi við foreldra. Tekið er mið af sjónarmiðum beggja kynja og áhrif ákvarðana skoðuð með tilliti til þeirra. Kynbundin mismunur er óheimil, í hvaða formi sem hún birtist.

Til að jafnréttisáætlun skili árangri er nauðsynlegt að hafa skýra mælikvarða í tengslum við þau markmið sem koma fram í áætluninni. Þau matstæki sem lögð eru til grundvallar eru starfsmannasamtöl, tölfræðilegar upplýsingar og viðhorfskannanir meðal nemenda, starfsmanna og forráðamanna.

Jafnréttisstefna Snælandsskóla snýr í fyrsta lagi að starfsfólki, í öðru lagi að nemendum og í þriðja lagi að samstarfi við foreldra. Jafnréttissjónarmið eru höfð að leiðarljósi:

- í starfsmannahaldi, aðbúnaði, ráðningum og endurmenntun starfsfólks.
- í kennslu, námsframboði og námsefni nemenda.
- í öllum samskiptum og í samvinnu við heimilin.

Jafnréttishópur

Hlutverk og verkefni jafnréttishóps er að kynna jafnréttisáætlun skólans fyrir starfsmönnum, fylgja jafnréttismarkmiðum skólans eftir og vera ráðgefandi fyrir stjórnendur og starfsmenn. Einnig mun hópurinn vinna að þeim verkefnum sem tiltekin eru í áætluninni og hópnum eru falin.

Jafnréttisfulltrúi veitir hópnum forstöðu og annast fundarboð og fundarstjórn. Í hópnum eru auk hans fulltrúi úr hópi stjórnenda, kennara, annarra starfsmanna, foreldra og nemenda. Kynjaskipting skal vera sem jöfnust svo sjónarmið beggja kynja fái notið sín.

Umræðu um jafnréttisstefnuna, bæði það sem snýr að starfsmönnum, nemendum og foreldrum þarf að taka upp árlega á starfsmannafundum, nemendaráðsfundum foreldrafélags- og foreldraráðsfundum.

Sett eru fram markmið og endurskoðuð áætlun til þriggja ára í senn. Árlega þarf að kynna jafnréttisáætlun skólans og þá sérstaklega þann hluta er snýr að nemendum og foreldrum. Það má gera með ýmsum hætti t.d. í lífsleiknitímum, þemadögum, á námskynningum, foreldraviðtölum, á heimasíðu skólans og í fréttablöðum sem skólinn gefur út.

Starfsfólk

Leiðarljós

- Starfsfólki ber að hafa jafnréttissjónarmið að leiðarljósi í starfi sínu.
- Leitast skal við að jafna kynjahlutfall í starfsmannahópi skólans. Við ráðningar skal þess gætt að ef um jafn hæfa einstaklinga er að ræða, að ráða starfsmann af því kyni sem er í lægra hlutfalli starfsmannahópsins.
- Við skipun í starfs- og vinnuhópa skal tekið tillit til jafnréttis kynja, þó fagleg færni sé höfð fyrst að leiðarljósi.
- Jafnréttis skal gætt hvað varðar yfirvinnu og hlunnindi sem stjórnendur geta stjórnað.
- Jafnréttis skal gætt þegar styrkjum úr endurmenntunarfjármagni skólans er veitt.
- Gera skal öllum starfsmönnum kleift að samræma atvinnu- og fjölskyldulíf.
- Kynferðisleg áreitni og einelti meðal starfsfólks verður ekki liðið.

Markmið og áætlun 2015 - 2019

- Verkefni skipulögð og unnin með nemendum sem stuðla að aukinni umræðu og meðvitund um jafnréttismál.
 - *Ábyrgðaraðili: Jafnréttishópur og kennarar*
- Orðalag starfsauglýsinga sé fullkomlega í anda jafnréttislaga.
 - *Ábyrgðaraðili: Skólastjóri*
- Skoða árlega hvernig ábyrgð er dreift og vinna að því að þar sé jöfnuður.
 - *Ábyrgðaraðili: Skólastjórnendur*
- Tryggja að karlar og konur hafi jafna möguleika til launa.

- *Ábyrgðaraðili: Skólastjóri*
- Fara yfir og skoða skiptingu á yfirvinnu og því sem flokkast getur til hlunninda.
 - *Ábyrgðaraðili: Skólastjóri*
- Konur og karlar fái jafna möguleika til að þroskast í starfi og auka þekkingu sína. Að skoða árlega endurmenntun og styrki til starfsfólks vegna endurmenntunar m.t.t. kynferðis.
 - *Ábyrgðaraðili: Skólastjórnendur*

Nemendur

Leiðarljós

Gæta skal jafnréttis...

- í öllu starfi skólans
- við röðun í námshópa
- í námsframboði og að það höfði til beggja kynja
- við val á námsefni, að það mismuni ekki kynjum
- í kennsluháttum sem skulu vera fjölbreyttir
- hvað varðar ábyrgð og þátttöku nemenda í skólastafinu.
- Markvisst skal unnið gegn stöðluðum kynímyndum
- Bæði kynin skulu búin jafn undir ábyrgð og skyldur sem þeirra bíða í framtíðinni
- Stuðlað skal að því að í skólanum séu sýnilegar í nemendahópnum jákvæðar fyrirmyndir af báðum kynjum
- Kynferðisleg áreitni og einelti meðal nemenda verður ekki liðið.

Markmið og áætlun 2015 - 2019

- Kennarar nýti bekkjarfundi og vinni með nemendum að verkefnum sem stuðla að aukinni umræðu og meðvitund um jafnréttismál þar sem lögð er áhersla á að þeir rækti með sér samkennd og virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra.
 - *Ábyrgðaraðili: Jafnréttishópur og kennarar*
- Nemendum sé gerður ljós munur á viðeigandi og óviðeigandi hegðun í samskiptum kynjanna.
 - *Ábyrgðaraðili: Jafnréttishópur og kennarar*

- Nemendur læri hvað sé viðeigandi og óviðeigandi orðræða í samskiptum
 - *Ábyrgðaraðili: Jafnréttishópur og kennarar*
- Nemendum lærist að þekkja og tjá eigin tilfinningar. Þeir eiga jafnframt að læra að virða tilfinningar annarra óháð t.d. uppruna, kyni, búsetu, trú eða fötlun.
 - *Ábyrgðaraðili: Jafnréttishópur og kennarar*
- Kennarar skólans skoða og meta námsefni og kennsluaðferðir út frá jafnréttissjónarmiði.
 - *Ábyrgðaraðili: Jafnréttishópur og kennarar*
- Jafnréttisfræðslu sé fléttað inn í lífsleikni með ýmsum verkefnum sem geta komið til móts við mismunandi þarfir nemenda.
 - *Ábyrgðaraðili: Jafnréttishópur og kennarar*
- Mörkuð verði stefna í kennslu um lífsleikni, varnir gegn fordómum, áföll og einelti.
 - *Ábyrgðaraðili: Jafnréttishópur og kennarar*
- Reglulega séu lagðar fyrir nemendur kannanir um t.d. líðan, sjálfsmynd, áform og virkni.
 - *Ábyrgðaraðili: Jafnréttishópur og námsráðgjafi*
- Huga þarf að félagslífi nemenda og hafa að leiðarljósi jafnan hlut kynja við val í nemendaráð og við hvert það tækifæri þegar nemandi eða nemendur skólans koma fram fyrir hans hönd.
 - *Jafnréttishópur og starfsmaður félagsmiðstöðvar*
- Skoða kynjablandaða námshópa í leikfimi, sundi, list- og verkgreinum.
 - *Jafnréttishópur og kennarar í list- og verkgreinum.*

Foreldrar

Leiðarljós

- Gæta skal jafnréttis í foreldrastarfi og að báðir foreldrar barns séu á póstlistum skólans
- Hvetja til þátttöku foreldra af báðum kynjum í foreldraviðtölum og öðru skólastarfi
- Hvetja til þátttöku beggja foreldra barns í starfi bekkjarfulltrúa
- Hvetja til jafnréttis hvað varðar ábyrgð beggja foreldra á námi barnanna sinna

Markmið og áætlun 2015 - 2019

- Báðir foreldrar barns séu hvattir til þátttöku í námi barna sinna
 - *Ábyrgðaraðili: Jafnréttishópur, kennarar og foreldrafélag*
- Báðum foreldrum berist upplýsingar frá skólanum
 - *Ábyrgðaraðili: Jafnréttishópur og skólastjórnendur*

Áfallaáætlun

Í Snælandsskóla skal vera starfandi áfallaráð sem er skipað í upphafi hvers skólaárs.

Á hverju hausti skal yfirfara með starfsfólki skólans grunnatriði í áfallahjálpi og gera grein fyrir stefnu skólans. Gögn og upplýsingar um sorg og áföll skulu liggja á bókasafni og vera öllum aðgengileg. Þar skal m.a. vera uppkast af bréfi til að senda heim með nemendum ef andlát bekkjarfélaga, andlát starfsmanns skólans eða aðrir slíkir sorgaratburðir hafa átt sér stað. Einnig skal liggja fyrir listi yfir bækur sem börn geta lesið eða gott er að lesa fyrir börn í sorg.

Áfallaáætlun með tilliti til mismunandi atburða:

- Alvarleg slys eða dauðsfall nemanda, þ.m.t. sjálfsvíg
- Alvarleg slys eða dauðsfall foreldra eða annarra náinna ættingja
- Alvarleg slys eða dauðsfall starfsmanns
- Langvarandi veikindi
- Slys í vettvangsferðum, sundi o.þ.h.
- Fangelsun náins ættingja
- Mannshvarf

Aðgerðarlisti vegna alvarlegs slyss/andláts nemanda, þ.m.t. sjálfsvíg.

1. Kalla áfallaráð saman til fundar áður en nýr skóladagur hefst, ásamt umsjónarkennara viðeigandi bekkjar og þeim sem málinu tengjast. Staðreyndir málsins kynntar.
2. Útdeila hlutverkum til starfsmanna vegna tilkynningar eða aðstoðar.
3. Hringja í hjálparlið: Prestur, sálfræðingur, skólalæknir/hjúkrunarfræðingur, lögregla, skólaskrifstofa.
4. Skoða stundatöflur og skólahúsnæði m.t.t. breytinga og ákveða hvar nemendahópar fá tilkynningu. Undirbúa skóladaginn.

5. Kalla út sérgreinakennara, gangaverði, ritara m.t.t. hverjir aðstoða umsjónarkennara við að taka á móti nemendum og tilkynna í bekk.
6. Finna ættingja- og vinahóp viðkomandi í skólanum. Tryggja aðgang að aðstandendalistum nemenda.
7. Flöggun / blóm / kerti
8. Almenn tilkynning til starfsfólks á starfsmannafundi áður en kennsla hefst. Kennarar og starfsfólk sett inn í stöðuna og skóladagurinn kynntur. Á starfsmannafundi þarf að koma fram:
 - a) Hvað gerðist og hugsanleg áhrif á nemendahóp b) Hverjum tengist viðkomandi t.d. systkini, vinir, vinahópar s.s. félagsstarf, íþróttafélag eða annað c) Hvernig er best að svara spurningum frá nemendum og foreldrum t.d. slys, sjálfsvíg, alvarleg veikindi eða annað d) Hvernig er best að haga skólastarfinu það sem eftir er dags og næstu daga e) Koma upp athvarfi þar sem hægt er að vera í fámenni t.d. hjá námsráðgjafa og hjúkrunarfræðingi f) Hvaða hjálp fáum við utan skólans, t.d. prestur, sálfræðingur o.fl. g) Hverjir svara fólki utan skólans h) Ákveða annan fund og yfirfara stöðu
9. Tilkynning til nemenda í smáum hópum. Bekkur mæti allur á sama tíma. Halda áfram með hefðbundið skólastarf eins og kostur er.
10. Aðstoð við umsjónarkennara að tilkynna í bekk. Umsjónarkennarar tilkynna ef þeir treysta sér til. Hafa til taks aðstoðarmenn (skólastjóra / sálfræðing / sérgreinakennara prest / námsráðgjafa / hjúkrunarfræðing / skólaliða).
11. Tryggja að nákvæmar upplýsingar komi til og frá skólanum. Velja ákveðna starfsmenn til að afla þeirra og miðla upplýsingum til nemenda / foreldra / fjölmiðla. Foreldrum nemenda í viðkomandi bekk tilkynnt um atburðinn áður en rætt er við fjölmiðla. Senda bréf heim og segja frá því sem gerðist og hvernig skólinn hyggst taka á málum. Mikilvægt að ritari skólans athugi hvaða nemendur eru fjarverandi og tryggja að allir fái skilaboð. Láta foreldra sækja nemendur þennan dag, ef þörf er talin á.
12. Áfallahjálp: Tilfinningaleg úrvinnsla fyrir þá sem tengjast atburðinum beint, í höndum sérfróðra aðila. Áfallaráð og umsjónarkennari hittist daglega eða eins og þörf krefur fyrstu daga eftir áfallið.

Gera áætlanir um framhaldið:

- heimsókn á heimili/gjöf til foreldra
- dreifibréf og tilkynningar
- loka vegna jarðarfarar / ákveða hvort vera eigi minningarathöfn í skólanum
- minningagreinar frá bekk, umsjónarkennara, starfsfólki eða skólasjóra
- minningabók / spjöld um nemanda.
- bjóða aðstandendum einhverjum dögum eftir jarðarför að koma í skólann og sjá það sem nemendur hafa unnið til minningar um hinn látna og sækja jafnframt skóladót hans.

Muna: Hafa foreldra viðkomandi nemanda með í ráðum frá upphafi.

Aðgerðarlisti vegna alvarlegs slyss eða dauðsfalls foreldra eða annarra náinna ættingja, þ.m.t.sjálfsvíg:

1. Fá staðfestingu á andláti hjá foreldrum, lögreglu eða sjúkrastofnun
2. Kalla áfallaráð til fundar og bekkjarkennara viðkomandi nemanda og skipta með sér verkum og ákveða fyrstu viðbrögð skólans: a) Hver á að till kynna bekk um andlátið b) kveðja frá skólanum heim til viðkomandi nemanda c) hver tekur á móti nemanda þegar hann kemur aftur d)hvernig á að taka á móti nemanda þegar hann kemur aftur.
3. Tilkynna öllu hlutaðeigandi starfsfólki atburðinn: Sérgreinakennum, gangavörðum, eftirlitsfólki í búningsherbergjum, ræstingafólki o.s.frv.
4. Tilkynning til bekkjar sbr. lið 4 í áætlun v/andláts nemanda. Kalla til aðstoðarfólk ef þörf er á svo sem prest, hjúkrunarfræðing, skólastjóra, sálfræðing eða aðra.

Gera áætlun um framhald: Fylgjast með líðan nemanda, styðja umsjónarkennara, gera ráðstafanir til sérfræðilegrar aðstoðar ef þurfa þykir.

Aðgerðarlisti vegna dauðsfalls starfsmanns.

1. Fá staðfestingu á andláti.
2. Kalla áfallateymi til fundar og ákveða fyrstu viðbrögð skólans, í samráði við ættingja starfsmanns.
3. Tilkynna starfsfólki atburðinn og hvernig skólinn hyggst taka á málum sbr.lið 3 í áætlun vegna andláts nemanda.

4. Tilkynna nemendum atburðinn á sal eða inni í bekkjum. Ef umsjónarkennari hefur látist þarf einhver sem þekkir nemendur mjög vel, að vera með þeim fyrsta daginn.
5. Draga fána í hálfa stöng, bæði daginn sem andlát á sér stað og jarðarfarardaginn.
6. Fá e.t.v. prest til að hafa bænastund. Tryggja starfsfólki aðstoð sérfræðinga svo sem prests eða sálfræðings ef óskað er eftir.
7. Heimsækja aðstandendur með kveðju frá skólanum.
8. Skrifa minningargrein.

Áfallaráð komi reglulega saman næstu daga/vikur með því starfsfólki sem þess óskar.

Aðgerðarlisti vegna langvarandi veikinda nemenda eða veikinda á heimilum þeirra.

1. Sá sem fær vitneskju um langvarandi veikindi barns eða á heimili þess lætur viðkomandi umsjónarkennara vita.
2. Umsjónarkennari tilkynnir öðrum hlutaðeigandi starfsmönnum málið og leitar til áfallaráðs til hjálpar ef hann óskar eftir.
3. Umsjónarkennari/skólastjóri leitar upplýsinga um veikindi viðkomandi til þess að geta gefið nemendum viðeigandi svör en ætíð með fullu samþykki viðkomandi foreldra.

Muna: Gott samstarf við heimilin er nauðsynlegt og getur verið ómetanlegur stuðningur við barnið.

Aðgerðarlisti vegna slysa í vettvangsferðum, sundi o.þ.h.

1. Kennari metur hversu alvarlegt slysið er og kallar til hjálpar ef þurfa þykir. Ath. að símanúmerið 112 er alls staðar í gildi!
2. Hefur samband við ritara skólans og gefur skýrslu.
3. Ritari lætur foreldra og skólastjórn vita.
4. Ef atvik er þess eðlis fer áfallaáætlun í gang og áfallaráð kemur saman.

Fangelsun foreldra.

Við slíkar aðstæður er líklegt að barnið sé undir miklu álagi. Hafa þarf samráð við aðstandendur barnsins um það hvernig talað er við barnið, hve mikið það veit um aðstæður og einnig hvort ræða eigi málið við vini og bekkjarfélaga.

Eldri börn eiga að vera með í ráðum um það hvort þessi mál eru rædd í bekknum eða ekki.

Það skiptir miklu í þessu sambandi hvort málið er til umfjöllunar í fjölmiðlum ef svo er þá þarf að vera vel á verði og gæta þess að barnið verði ekki fyrir aðkasti frá öðrum nemendum.

Þar sem að ekki er um dauðsfall að ræða er samúð ekki vís.

Mannshvarf

Tími sem einkennist af óvissu og ótta. Við slíkar aðstæður þarf nemandinn mikinn stuðning og skilning. Þarna þarf að hafa samráð við aðstandendur um það hvernig málið er rætt við nemendur. Svona mál fá oft mikla umfjöllun í fjölmiðlum sem getur verið mjög viðkvæmt.

Stefna um aga / skólareglur

Í hverjum grunnskóla skal setja skólareglur. Í skólareglum skal m.a. kveðið á um almenna umgengni, samskipti, stundvísi, ástundun náms og heilbrigðar lífsvenjur. Í reglunum skal koma fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á þeim.

Í Snælandsskóla er skólastjóri ábyrgur fyrir gerð skólareglna og kynningu þeirra og skulu þær unnar í samráði við skólaráð og fulltrúa nemenda í skólaráði.

Góð hegðun nemanda í skóla:

- Mætir stundvíslega í skólann, hefur það meðferðis sem honum ber og kemur vel undirbúinn. Vandar öll vinnubrögð og frágang á verkefnum.
- Fer vel með skólagögn og verðmæti sem honum er trúað fyrir.
- Gengur vel um skólann sinn og umhverfi hans.
- Hlýðir fyrirmælum og virðir verkstjórnarhlutverk starfsmanna.
- Virðir skólareglur og aðrar samskiptareglur sem gilda í skólanum.
- Leitast við að hafa stjórn á eigin hegðun, bæði í orðum og gjörðum.
- Er tillitssamur og gerir sér far um að setja sig í spor annarra.
- Leitast við að leysa úr ágreiningi sem upp kann að koma af skynsemi og án ofbeldis.
- Virðir eignarrétt annarra.
- Virðir það að línuskautar, reiðhjól, hlaupahjól og hjólabretti eru bönnuð á skólalóð á skólatíma.
- Notar ekki gsm síma né önnur fjarskipta og hljómtæki í kennslustundum án leyfis kennara.

Óviðeigandi hegðun nemenda er þegar:

- Nemandi hegðar sér ekki í samræmi við skólareglur og almennar kurteisi- og samskiptareglur.
- Nemandi veldur með hegðun sinni truflun á skólastarfi og/eða vanlíðan hjá öðrum nemendum eða starfsfólki.

Ferli atburða og viðurlög ef út af bregður vegna hegðunar

1. Viðkomandi kennari aðvarar nemanda einslega, skráir atburð í Mentor og lætur þar með foreldra/forráðamenn og umsjónarkennara vita.
2. Brjóti nemandi ítrekað eða alvarlega gegn skólareglum, ræðir umsjónarkennari við nemanda og foreldra/forráðamenn. Skráð í Mentor.
3. Ef enn situr við það sama vísar viðkomandi umsjónarkennari málinu til deildarstjóra sem kallar nemanda og foreldra/forráðamenn á fund um málið. Umsjónarkennari upplýsir Nemendaverndarráð um málið.
4. Sé ástandið enn óviðunandi er málinu vísað til skólastjóra sem kallar nemanda og foreldra/forráðamenn á fund, þar sem farið er yfir málið og reynt að finna lausn mála.
5. Reynist viðleitni skólastjóra árangurslaus er málinu vísað til fræðsluyfirvalda. Við þessar aðstæður er heimilt að vísa nemandanum úr skóla á meðan tekið er á málefnum hans.
6. Foreldrar/forráðamenn eru látnir vita á öllum stigum málsins og það unnið í samvinnu við þá. Í samræmi við ákvæði laga um stjórnsýslu er nemandanum og forráðamönnum tryggður andmælaréttur og viðurlög taki mið af jafnræðisreglu og meðalhófsreglu.

Ferli vegna veikinda og/eða óútskýrðra fjarvista í 1.-7. bekk

Ef nemandi mætir ekki á réttum tíma í skólann, hringir ritari heim eða til aðstandenda, athugar hvað veldur og skráir í Mentor. Allir kennarar skólans eru ábyrgir fyrir því að upplýsa foreldra og umsjónarkennara mæti nemendur ekki eða illa í tíma í ákveðnum námsgreinum.

Viðbrögð við fjarvistum eru þau sömu á öllum skólastigum.

1. Ef fjarvistir nemanda þykja óeðlilegar (meira en 10 dagar), hefur umsjónarkennari samband við foreldra/forráðamenn.

2. Ef nemandi er frá skóla 15 daga eða meira, vísar umsjónarkennari málinu til Nemendaverndarráðs, sem í samráði við umsjónarkennara og deildarstjóra taka málið til meðferðar.
3. Verði engin breyting til batnaðar, er málinu vísað til skólastjóra sem kallar foreldra/forráðamenn á fund, þar sem farið er yfir stöðuna og reynt að finna lausn mála.
4. Reynist viðleitni skólastjóra árangurslaus er málinu vísað til fræðslufirvalda.
5. Foreldrar/forráðamenn eru látnir vita á öllum stigum málsins og það unnið í samvinnu við þá. Í samræmi við ákvæði laga um stjórnsýslu er nemandanum og forráðamönnum tryggður andmælaréttur og viðurlög taki mið af jafnræðisreglu og meðalhófsreglu.

Mætingarferli og viðurlög – stigkerfi í 8.-10. bekk

1 stig er gefið fyrir að mæta of seint (búið að lesa upp og kennsla hafin).

2 stig eru gefin fyrir fjarvist/skróp.

3 stig eru gefin fyrir brottrekstur úr tíma (ávallt skal vísa nemanda á ákv. stað, t.d. til deildarstjóra. Viðkomandi kennari lætur foreldra vita um brottrekstur og ræðir við nemanda)

20 stig: Umsjónarkennari ræðir við og aðvarar nemanda einslega, skráir atburð í Mentor (dagbók) og lætur foreldra/forráðamenn vita (t.d. með tölvupósti), að alvarleiki málsins hafi verið ræddur við nemandann.

40 stig: Umsjónarkennari boðar nemanda og foreldra/forráðamenn til fundar, þar sem farið er yfir mætingarnar.

60 stig: Umsjónarkennari vísar málinu til deildarstjóra sem kallar nemanda og foreldra/forráðamenn til fundar um málið. Umsjónarkennari upplýsir Nemendaverndarráð um málið.

Eftir það er málinu vísað til skólastjóra og síðan til fræðslufirvalda.

Varðandi veikindi vísast til sömu reglna og hjá 1.-7. bekk, nema í stað 10 daga koma 74 stundir og 15 daga koma 110 stundir.